



FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

2. júní 2005 – 147. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

**FIMMTUDAGUR**

**Eiður Smári notar síðustu kraftana**

Landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen lék 57 leiki með Chelsea en ætlar að gefa allt sitt í leikina gegn Ungverjum og Möltubúum.



ÍPRÓTTIR 30

**Bankar á silfurfati**

Porvaldur Gylfason segir að hægt hefði verið að fá meira fyrir Búnaðarbankann með því að afþakka milligöngu Finns Ingólfssonar.



SKOÐUN 22


**Besti leikstjóri allra tíma**

Steven Spielberg hefur verið valinn besti leikstjóri allra tíma af lesendum kvikmyndatimaritsins Empire.



BIÓ 46

**VEÐRIÐ Í DAG**



**ÁFRAM SVIPAD** Yfirleitt skýjað með köflum og hætt við stöku síðdegisskúrum víða á landinu. Hiti 6-15 stig, hlýjast suðvestanlands.

VEÐUR 4



**PETTA ER BÚIÐ** Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, virtist að því kominn að breyta í grát þegar hann fjáði sig um úrslitin í Hollandi á blaðamannafundi í gærkvöld. Barroso hvatt þær þjóðir sem eiga eftir að staðfesta sáttmálann að halda sínu striki en vandséð er hvaða tilgangi það muni þjóna.

Hollendingar fylgdu fordæmi Frakka:

## Dagar stjórnarskrárinnar taldir

**AMSTERDAM. AP** Hollendingar kolfelldu stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslu í gær og virðast dagar þessa umdeilda plags þar með taldir.

Kjörsókn fór fram úr björtustu vonum en alls neyttu 62 prósent þjóðarinnar kosningaréttar síns. Þegar riflega 80 prósent atkvæðanna höfðu verið talin höfðu 61,8 prósent kjósenda sagt nei en aðeins 38,2 prósent já.

Jan Peter Balkenende, forsætisráðherra Hollands, flutti sjónvarpsávarp um leið og úrslitin voru ljós. „Hollenska þjóðin hefur kveðið upp dóm sinn og niðurstaðan er afar skýr. Ég er vitaskuld vonsvikinn yfir henni en mun að sjálfsögðu virða hana.“

Þar með hafa tvö stofnríki sambandsins hafnað stjórnarskránni á fáeinum dögum og því næsta útilokað að hún muni taka

gildi, nema þá í mjög útvatnaðri mynd.

Jacques Chirac Frakklandsforseti sagði í viðtölum í gærkvöld að úrslitin í Hollandi vektu alvarlegar spurningar um framtíð samrunaferlisins í Evrópu.

Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, kvaðst harma mjög dóm hollensku þjóðarinnar en skoraði á aðildarríkin að láta ekki niðurstöðuna leiða til tilvistarkreppu í sambandinu. ■

## Hátt gengi bitnar á landsbyggðinni

Fyrirtæki á landsbyggðinni virðast eiga á brattann að sækja, meðal annars vegna mikilla framkvæmda á Austurlandi. Fjögur fyrirtæki gripu til fjöldauppsagna um mánaðamótin og var alls um 140 manns sagt upp störfum.

**LANDSBYGGÐIN** Allir starfsmenn fjögurra fyrirtækja í útflutningsgreinum á landsbyggðinni fengu uppsagnarbréf um mánaðamótin. Bílddælingur á Bíldudal sagði upp 50 starfsmönnum; Skinnaiðnaður á Akureyri tæplega 40; frystihús Skinneyjar-Þinganes á Reyðarfirði sagði upp 20 starfsmönnum og landvinnsla Samherja á Stöðvarfirði sagði upp rúmlega 30 starfsmönnum. Alls eru þetta um 140 manns í fjórum byggðarlögum.

Forsvarsmenn þessara fyrirtækja hafa vísað til óvenju sterkrar stöðu íslensku krónunnar um þessar mundir sem hluta vandans. Sé gengið hátt fæst

lægra verð í íslenskum krónum fyrir þær vörur sem fluttar eru út.

Álvers- og virkjanaf framkvæmdir á Austurlandi eru mikilvæg ástæða hins háa gengis, en nú er fjárfest fyrir hundruð milljarða fyrir austan. Fleira kemur þó til, þar sem miklar breytingar í íslensku atvinnulífi hafa ýtt undir hækkingu gengisins.

„Það lá alltaf fyrir þegar ráðist var í framkvæmdirnar að mót-vægisáðgerðir Seðlabankans myndu ýta öðrum útflutningsgreinum til hliðar,“ segir Ásgeir Jónsson, hagfræðingur hjá greiningardeild KB banka. „Landsbyggðin byggir að miklu leyti á

útflutningi og því kemur hátt gengi mjög illa við hana.“

Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur hjá greiningardeild Landsbankans, tekur undir þetta sjónarmið. „Við hjá Landsbankanum höfum í nokkurn tíma bent á að sterkt gengi myndi sérstaklega koma niður á landsbyggðinni þar sem atvinnulífið er einhæft og sjávarútvegur og ferðaþjónusta vega þungt,“ sagði Edda Rós. „Því miður virðist það nú vera að koma í ljós.“

Ferðaþjónustan á einnig undir högg að sækja vegna hins háa gengis, en ekki ber jafnmikið á því í fjölmöldum þar sem fyrirtækin eru smærri.

Skipreika táníngar:

## Bjargað af flöskuskeyti

**MANNBJÖRG** 86 farþegum á skipi sem reikaði stjórnlaust um Karíbahaf var bjargað í vikunni eftir að flöskuskeyti sem þeir köstuðu útbyrðis fannst á nálægri eyju.

Farþegarnir á skipinu voru að stærstum hluta táníngar frá Ekvador og Perú sem smygjarar höfðu tekið að sér að flytja til Gvatemala. Þegar skipið bilaði nærri Kókoseyju eyðilögðu smygjararnir fjaraskiptabúnað þess en sigldu svo á brott í eina björgunarbátum. Táníngarnir dóu hins vegar ekki ráðalausir og skrifuðu flöskuskeyti sem eyjarskeggjar á Kókoseyju fundu nokkrum dögum síðar. Ekkert amaði af unga fólkinu þegar því var bjargað annað en sjóveiki og þorsti. ■



**VERÐLAUNUM FAGNAÐ** Forsetahjónin með verðlaunahöfum.

Íslensku menntaverðlaunin:

## Menntun heiðruð

**VERÐLAUN** Ólafur Ragnar Grímsson veitti í gærkvöld Íslensku menntaverðlaunin í fyrsta sinn í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði.

Grundaskóli á Akranesi hlaut verðlaun fyrir að hafa sinnt vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi. Kári Arnórsson, fyrrverandi skólustjóri Fossvogsskóla, var verðlaunaður fyrir merkt ævistarf. Rannveig Þorvaldsdóttir, kennari við Grunnskólann á Ísafirði, hlaut verðlaun í flokki ungs fólks sem í upphafi kennsluferlis hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt. Einnig fékk Sigfríður Björnsdóttir, höfundur námsvefsins „Tónlist í tímans rás“, verðlaun sem höfundur námsefnis sem stuðlað hefur að nýjungum í skólustarfi. ■

**Vangen**  
Flugustangir

Pú færð Vangen í næstu sportvöruverslun

**Hellur & Steinar**

STEYPUSTÖÐIN  
S. 540 6800  
www.steypustodin.is





## SPURNING DAGSINS

Erling, saknarðu geitunganna?

„Ef ég hugsa til fólksins þá segi ég nei, en fræðimaðurinn í mér saknar þeirra.“

Erling Ólafsson skordýrafraeðingur sagði frá því í Fréttablaðinu í gær að útlit væri fyrir að geitungastofninn hefði hrúnið síðastliðið sumar.

Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra:

## Samson bað um fund

**EINKAVÆÐING** Samson-hópurinn bað um fund með Valgerði Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, til að ræða sölu á Búnaðarbankanum og Landsbankanum þegar hún var í bígerð. Þetta upplýsti Valgerður í gær í viðtali í Hádegisútlitinu á Tilstöðinni.

„Svo var endurtekið einhvers staðar viðtal við Björgólf Thor þar sem hann segir að Samson væri bara í þessu á viðskiptalegum forsendum en aðrir hefðu verið í þessu á pólitískum forsendum.“

Af hverju voru þeir að biðja um fund með mér ef ekki til að

koma einhverju á framfæri við mig?“ sagði Valgerður.

Alengt er að ráðherrar séu beðnir um fundi á borð við þann sem Samson óskaði eftir og sagði Valgerður ráðherra yfirleitt reyna að verða við slíkum beiðnum. Hún kvaðst þó telja að ýmislegt hefði verið viðhaft við sölu á ríkisbönkunum sem hefði mátt standa betur að.

„Fyrirtækin sem áttu í viðræðum við eigandann á þessum tíma fundu öll að því að ferlið hefði ekki verið nægilega skýrt og þess vegna er staðið öðruvísi að sölu Símans núna,“ sagði hún.

- ghs



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, upplýsti í gær í Hádegisútlitinu á Tilstöðinni að Samson-hópurinn hefði óskað eftir fundi með henni þegar sala ríkisbankanna var í bígerð.



**EFTIR SPRENGINGUNA** Lögreglumenn og íbúar skoða verksummerki utan við moskuna í Kandahar eftir sprengingu sem grandaði tuttugu manns.

Afganistan:

## Tuttugu létust í tilræði

**KANDAHAR, AP** Sjálfsmorðsprenging varð að minnsta kosti tuttugu manns að bana við mosku í borginni Kandahar í suðurhluta Afganistans í gær. Sprengingin varð þegar verið var að bera hófsaman múslimalklerk til grafar. Auk þeirra sem létust særðust rúmlega fjörutíu manns.

Gul Agha Sherzai, borgarstjóri Kandahar, greindi frá því að skjöl hefðu fundist á líki tilræðismannsins sem sönnuðu tengsl hans við hryðjuverkasamtök Osama Bin Laden, al-Kaída. ■

## ORKUVEITA

**HEITT VATN LÆKKAR** Heitt vatn til notenda á höfuðborgarsvæðinu hefur nú lækkað í verði um 1,5 prósent í samræmi við ákvörðun Orkuveitu Reykjavíkur fyrr í mánuðinum. Sé tekið tillit til vísitöluhákkana nemur heildarlækkunin um 5,0 prósentum.

## RÚSSLAND

**ÞRJÁTÍU ÁR Í FANGELSI?** Rússneskir fréttaskýrendur spá því að Mikhaíl Khodorovskí gæti þurft að dúsa allt að þrjátíu ár í fangelsi verði hann fundinn sekur fyrir peningabætti. Hann var í fyrradag dæmdur í níu ára fangelsi. Aðrir spá því að hann gæti komið tvíefldur úr fangelsi eftir að afplánun lýkur og haslað sér völl í stjórnmálum.

# Bílddælingar slegningar en vongóðir

Pótt öllum fimmtíu starfsmönnum Bílddælings hafi verið sagt upp er ólíklegt að rekstri fyrirtækisins verði alfarið hætt. Minni byggðakvóti og hátt gengi eru meginorsakir uppsagnanna.

**BÍLDUDALUR** Allir starfsmenn fiskvinnslufyrirtækisins Bílddælings fengu uppsagnarbréf í lok vinnudags á þriðjudag og er uppsagnarfresturinn einn mánuður. Búist er við að fyrirtækið haldi áfram að starfa, en endurskipuleggja á reksturinn meðan uppsagnarfresturinn rennur út.

Bílddælingur tók til starfa í febrúar 2003 og réði þá yfir 200 tonna byggðakvóta sem Þórður Jónsson ehf. á Bíldudal hafði fengið úthlutað. Byggðastofnun minnkaði þann kvóta á yfirstandandi fiskveiðiári. Bílddælingur þurfti því að leigja allan kvóta fyrir togskipið Hallgrím BA 77, sem fyrirtækið fór í desember síðastliðnum að gera út ásamt fleiri aðilum, og má rekja erfiðleikana í rekstrinum til þess. Einnig hefur hátt gengi íslensku krónunnar verið því erftitt.

Áður en Bílddælingur hóf útgerðina var það einungis fiskvinnslufyrirtæki sem keypti allt hráefni til vinnslu af fiskmörkuð-



**GUÐMUNDUR GUÐLAUGSSON** Bæjarstjórinn í Vesturbyggð segir að úthlutun byggðakvóta hafi ekki leitt til rekstrarstöðvunnar Bílddælings.

um og smærri bátum, og gekk sá rekstur vel.

Guðmundur Guðlaugsson, bæjarstjóri í Vesturbyggð, mótmælir því að úthlutun kvótans hafi leitt til rekstrarstöðvunnar fyrirtækisins. „Langmestur hluti þess byggðakvóta sem Vesturbyggð hafði til úthlutunar fór á Bíldudal.“ 138 tonnum af 218 var úthlutað til báta á Bíldudal og það var samkvæmt reglugerð frá sjávarútvegsráðuneytinu. Vesturbyggð hafði ekki heimild til að úthluta kvóta á fyrirtæki. Enn fremur var það skilyrði fyrir úthlutun kvóta að viðkomandi bátur legði fram að minnsta kosti sama magn

af eigin kvóta til vinnslu í sveitarfélaginu. „Ég reikna með að Bílddælingur hafi gert samninga við heimamenn um vinnslu aflans.“

Hannes Friðriksson, sem rekur veitingastofuna Vegamót á Bíldudal, segir heimamenn vera slegna og að tíðindin hafi verið óvænt. „En ég er bjartsýnn þó þetta hafi komið mér á óvart og hef fulla trú á því að Bílddælingur starfi áfram. Atvinnuástandið hefur verið gott og hér eru öll hús full af fólki.“

EKKI NÁÐIST í Jens H. Valdimarsson, framkvæmdastjóra Bílddælings.

grs@frettabladid.is



**BÍLDUDALUR** Þrátt fyrir uppsagnirnar bera Bílddælingar sig vel og vona það besta.

Pakistan:

## Libbi verður framseldur

**PAKISTAN, AP** Pakistanar hafa ákveðið að framselja Abu Farraj al-Libbi til Bandaríkjanna en hann er grunaður um að vera lykilmáður í al-Kaída hryðjuverkasamtökunum.

Ákvörðun Paktana kemur nokkuð á óvart því al-Libbi er grunaður um að hafa staðið fyrir tveimur banatilræðum við Pervez Musharaf, forseta Paktana.

Hlutverk al-Libbi innan al-Kaída er enn óljóst en margir halda því fram að hann hafi verið þriðji hæstráðandi innan samtakanna á eftir Osama Bin Laden og egypska skurðlækninum Ayman al-Zawahri. Þrátt fyrir það var al-Libbi aldrei á lista FBI yfir hættulegustu hryðjuverkamenn veraldar. ■



**ABU FARRAJ AL-LIBBI**

Fimm brek börn:

## Grunuð um morðtilraun

**ENGLAND** Fimm börn á aldrinum 11-12 ára eru í haldi lögreglunnar í Vestur-Jórvíkurskíri á Englandi, grunuð um að hafa misþyrmt fimm ára dreng hrottalega. Lögregla rannsakar málið sem morðtilraun.

Litli drengurinn fannst á þriðjudagskvöldið með alvarlega áverka á hálsi og svo virðist sem reynt hafi verið að hengja hann eða kyrkja. Hann var fluttur á sjúkrahús en var útskrifaður í gær, að sögn BBC.

Tvær stúlkur eru á meðal hinna handteknu en talið er að í það minnsta tveir tengist málinu til viðbótar. ■

Kofi Annan tekur til í eigin ranni:

## Kýpverji rekinn vegna spillingar

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, rak í gær háttsettan embættismann samtakanna fyrir misferli í tengslum við olíusöluáætlun þeirra til Íraks. Hann er sá fyrsti sem fær reisupassann vegna spillingar í tengslum við áætlunina en búist er við að fleiri fylgi í kjölfarið.

Joseph Stephanides, kypverskur starfsmaður SP til margra ára, er sagður hafa hyglad bresku fyrirtæki og hagnast umtalsvert þegar boðin voru út verk í tengslum við eftirlit með innflutningi hjálpargagna til Íraks. Stephanides kveðst alsaklaus og hyggst áfrýja ákvörðuninni.

Ásakanir um spillingu Stephanides koma upphaflega úr skýrslu Paul Volcker, stjórnarformanns bandaríska seðla-

bankans, um olíusöluáætlunina en þar er þáttur Kofi Annan, sem stýrði áætluninni, jafnframt skoðaður. Hann þykir ekki hafa hreinsað sig með sannfærandi hætti af spillingaráburði þótt hann hafi ekki verið ásakaður berum orðum.

Olíusöluáætlun Sameinuðu þjóðanna var í gildi á árunum 1996-2003 og var henni ætlað að lina þjáningar Írösku þjóðarinnar með því að heimila henni að selja olíu fyrir mat og lyf. ■



**KOFI ANNAN** Annan hefur sjálfur verið sakaður um að hafa í það minnsta vitað um að ekki var allt með felldu í tengslum við olíusöluáætlunina.



Kristín Gísladóttir sjúkrapjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18



Opið virka daga: 10-18 laugardaga: 11-15

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500



Opið til  
**21**  
í kvöld

# Fjölskyldudagar

2. - 5. júní

## Til gamans í dag

- Öll börn sem koma í Ævintýraland fá **gjöf frá Kalla á þakinu**
- **Andlitsmálun** fyrir káta krakka í göngugötu

## Til gamans á morgun, föstudag

- **Tívolísprell** á efri bílapalli
- **Kl. 15** - Atriði frá **Sirkusskólanum** á Blómatorgi
- Öll börn sem koma í Ævintýraland fá **gjöf frá Kalla á þakinu**
- **Andlitsmálun** fyrir káta krakka í göngugötu

**Kalli á þakinu skemmtir laugardag og sunnudag**

**Frábær tilboð á máltíðum á Stjörnutorgi!**



**Kringlan**  
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

	Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur	Veitingastaðir og Kringlubíó
<b>Verslanir</b>	10.00 til 18.30	10.00 til 21.00	10.00 til 19.00	10.00 til 18.00	13.00 til 17.00	eru með opið lengur á kvöldin.
<b>Ævintýraland</b>	14.00 til 18.30	14.00 til 19.00	14.00 til 19.00	11.00 til 18.00	13.00 til 17.00	



## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 01.06.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	64,47	64,77
Sterlingspund GBP	116,79	117,35
Evra EUR	78,81	79,25
Dönsk króna DKK	10,59	10,65
Norsk króna NOK	9,94	9,99
Sænsk króna SEK	8,63	8,68
Japanskt jen JPY	0,59	0,60
SDR	XDR	94,66 95,22

## Gengisvísitala krónunnar

110,63 -0,59%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Héraðsdómur Reykjavíkur:

## Öryggismálin í ólestri

**DÓMSMÁL** Barbara Björnsdóttir, skrifstofustjóri í Héraðsdómi Reykjavíkur, segir öryggisgæslu óviðunandi í húsi héraðsdóms sem stendur. Sérstaklega verði að gera breytingar þar sem umgangur almennings í húsið, þar sem það stendur í alfaraleið í miðbænum, sé töluverður. „Við höfum óskað eftir því við Dómstólaráð að öryggisgæsla verði aukin í húsinu. Við teljum orðið nauðsynlegt að auka hér öryggi, ekki síst fyrir starfsfólkið,“ segir Barbara, en staða öryggismála hefur komist í umræðuna að undanförunu eftir að sparkað var í Reyni Trausta-

son, ritstjóra Mannlífs, rétt áður en hann bar vitni í héraðsdómi á þriðjudag.

Elín Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Dómstólaráðs, segir ráðið hafa tekið málið til greina. „Við höfum óskað eftir því að settir verði auknir fjármunir í þetta verkefni á næsta starfsári. Vonandi verður hægt að verða við þeirri beiðni.“ - mh

**BARBARA BJÖRNSDÓTTIR**  
Skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur segir orðið nauðsynlegt að koma öryggismálum í húsinu í eðlilegt horf.



Nýr þjóðarpúls Gallup:

## Framsókn í lágmarki

**SKOÐANAKÖNNUN** Í nýjasta þjóðarpúls Gallup hlaut Framsóknarflokkurinn lægstu útkomu sem mælt hefur í skoðanakönnunum Gallup, en hann mældist með 8,5 prósent fylgi. Áður hafði hann neðst mælt í 10 prósentum, en flokkurinn fékk 18 prósent atkvæða í síðustu kosningum. Ríkisútvarpið sagði frá þessu í gær.

Fylgi við Samfylkinguna og Sjálfstæðisflokkinn jókst lítillega frá síðustu könnun. 38 prósent svarenda styðja Sjálfstæðisflokkinn og 34 prósent styðja Samfylkinguna. Fylgi Vinstri grænna er óbreytt í 15 prósentum og Frjálslyndi flokkurinn var með um 5 prósent og breyttist lítið.

Könnunin var gerð frá 27. apríl til 25. maí. ■

## BANDARÍKIN

**BARN ÁKÆRT FYRIR MORÐ** Níu ára stúlka hefur verið ákærð fyrir að hafa banað ellefu ára stúlku með því að stinga hana í brjósti með steikarhníf. Stúlurnar bjuggu báðar í New York og segja lögreglufröðlingur að sú yngri hafi stungið þá eldri vegna átaka um bolta. Telpa fer nú fyrir fjölskyldudómstól í New York-ríki eins og venja er með börn yngri en 14 ára.

**DRÁPU HEIMILISLAUSAN** Tveir táningar í Flórída hafa verið ákærðir fyrir að hafa drepið heimilislausan mann sér til skemmtunar. Samkvæmt rannsóknarlögreglumönnum sögðust táningarnir hafa drepið manninn „til þess að hafa eitthvað að gera“. Árásarmennirnir fóru þrisvar sinnum aftur á vettvang til að skoða líkið áður en lögregla fann það.

## Síðasti naglinn í kistu stjórnarskrársáttmálans

Að líkindum ráku Hollendingar stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins náðarhöggið í þjóðaratkvæðagreiðslu sinni í gær. 62 prósent þjóðarinnar höfnuðu sáttmálanum en aðeins 38 prósent greiddu honum atkvæði sitt.

**EVROÞUSAMBANDIÐ** Hollenskir kjósendur fylgdu Frökkum á eftir og felldu stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslu í gær með afgerandi hætti. Allt útlit er því fyrir að dagar sáttmálans séu þar með taldir.

Það væri synd að segja að dómur hollenskra kjósenda hafi komið á óvart því allar skoðanakannanir bentu til að þeir myndu kjósa á sömu lund og Frakkar gerðu á sunnudaginn. Þegar kjörstaðir voru opnaðir í gærmorgun var ljóst að Hollendingar vildu ólmir nýta sér kosningarétt sinn og þegar yfir lauk höfðu 62 prósent þeirra greitt atkvæði. Það er mun betri kjósrátt en bjartsýnustu spár höfðu gert ráð fyrir. Útgönguspár sem birtar voru fljótlega eftir lokun kjörstaða í gærkvöld bentu til að 62 prósent hefðu hafnað sáttmálanum á móti þeim 38 prósentum sem greiddu honum atkvæði sitt.

Fréttamenn sem ræddu við kjósendur í gær áttu í stökustu vandræðum að finna fólk sem var hlynt stjórnarskránni. Hinir fjölmörgu andstæðingar plaggins sögðust hins vegar óttast að yrði hún samþykkt myndi rödd Hollands verða heldur mjóróma í risastóru sambandsríki Evrópu. Aðrir sögðust óánægðir með frammistöðu ríkisstjórnarinnar í innanlandsmálum og enn aðrir töldu að ef stjórnarskráin yrði samþykkt yrði fljótlega dregið úr því frjálsræði sem Hollendingar kjósa, eins og sést á afstöðu þeirra til kannabisefna, líknardraps og vændis.



**JAN PETER BALKENENDE** Þegar hollenski forsætisráðherrann mætti á kjörstað í gær var hann bjartsýnn á að þorri landa sinna segði já í kjörklefanum. Honum varð ekki að ósk sinni.

Eftir atkvæðagreiðsluna í Frakklandi hvöttu leiðtogar aðildarríkja Evrópusambandsins til að staðfestingarferlið héldi áfram í hinum löndunum. Nú þegar annað stofnríki sambandsins hefur hafnað stjórnarskrársáttmálanum á fáeinum dögum er vandséð hvaða tilgangi það þjónar því öll aðildarríkin 25 verða að leggja blessun sína yfir hann.

Þegar næsti leiðtogafundur sambandsins verður haldinn í Brussel eftir tvær vikur er því

líklegra að ráðamenn brjóti grundvallaratriði Evrópusambandsinnar til mergjar í stað þess að leita leiða til að fá stjórnarskrána samþykka í einhverri mynd í aðildarríkjunum.

Ekki er þó búist við að sambærileg uppstokkun sé fram undan í hollensku ríkisstjórninni og þeirri frönsku þar sem Jean-Pierre Raffarin forsætisráðherra var leystur frá störfum og nýr maður skipaður í hans stað.

svainng@frettabladid.is

Ríkisstjórnarfundur:

## Hrókurinn fær styrk

**SKÁK** Samþykkt var á ríkisstjórnarfundum á mánudag að veita skákkfélaginu Hróknum þrjár milljónir króna í styrk vegna unglingsstarfs. Samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneytinu þótti eðlilegt að styðja við bakið á því góða starfi sem skákkfélagið hefur haldið uppi undanfarin ár.

Spurður um þýðingu styrksins fyrir starfið segir Hrafn Jökullsson, forseti Hróksins: „Við erum að ljúka við að heimsækja alla grunnskóla landsins og styrkurinn tryggir framtíð Hróksins sem skóla- og barnskákkfélags næstu árin.“ - óá



**HEILSAST VEL** Fætur Milagros Cerron, 13 mánaða gamals stúlkubarns, voru skildir að í flókinni aðgerð.

Hafmeyjustúlkan:

## Vel heppnuð aðgerð

**LÍMA, AP** Læknar skildu að til fulls fótleggi stúlkubarns sem þjáðist af hafmeyjuheilkenningu svokallaða í aðgerð í Perú í fyrradag. Þeir sögðu að henni lokinni að hún hefði heppnast framur vonum. Lýta-læknar, barnalæknar og hjarta-læknar tóku þátt í þessari flóknu aðgerð. Hafmeyjuheilkenning er sjaldgæfur erfðagalli sem lýsir sér á þann hátt að á fósturstigi vaxa fótleggir barnsins saman í stað þess að þroskast sjálfstætt.

Aðgerðin tók hálfan fimmta tíma en upphaflega stóð til að skilja fætur stúlkunnar að upp að hnám í þessari fyrstu atrennu. Hins vegar gekk aðgerðin það vel að fæturnir voru skildir að að fullu. ■

Heilbrigðisráðherra:

## Tólf styrktir

**HEILBRIGÐISMÁL** Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, veitti veitti heilbrigðisstarfsmönnum tólf gæðastyrki á mánudag.

49 sóttu um styrki að þessu sinni og bárust umsóknir hvaðan-æva af landinu. 26 umsóknir um gæðastyrki bárust frá starfsmönnum Landspítala - háskóla-sjúkrahúss og sagði ráðherra þegar hann veitti styrkina að það sýndi áhuga starfsmanna spítalans á því að gera þjónustuna betri og markvissari. - jss


## VEÐRIÐ Í DAG

## Á FERÐ OG FLUGI

Sé lítið yfir helgarhorfumur bendir flest til þess að Suður- og Vesturlandið hafi vinn-inginn í veðrinu. Bæði hvað varðar sólina og hitastigið. Þegar líður á sunnudaginn þykknar hins vegar væntanlega upp syðra. En fram að því verður vindur víða hægur. Og í ljósi ágætrar veðurspár kæmi mér ekki á óvart að margir yrðu á ferð og flugi um helgina að njóta þess að ferðast sem og hitt að nýta allar þessar flottu ferðagræjur sem landinn hefur fest kaup á síðustu misseri !!

Kveðja,  
Sigurður  
Ragnarsson,  
veðurfræðingur

## Um hádegis



## Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	12°C hálfskýjað	Paris	24°C alskýjað	Alicante	26°C hálfskýjað
Osló	15°C hálfskýjað	Berlín	16°C léttskýjað	Milano	24°C léttskýjað
Stokkhólmur	16°C hálfskýjað	Frankfurt	21°C alskýjað	New York	20°C léttskýjað
Helsinki	14°C skúr	Madrid	27°C hálfskýjað	San Francisco	19°C heiðskirt
London	19°C alskýjað	Barcelona	24°C hálfskýjað	Orlando/Florida	31°C þrumuveður

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

LÁTTU GRAFA MYNDINA Í HÁLSMENIÐ

NÝTT Á ÍSLANDI

**SIANDIA**  
KRINGLUNNI · 568 9960



**KAUPHLAUP HEFST Í DAG!**

**Mögnuð tilboð á nýjum vörum!**



**2.-5. júní**

**Kauphlaup**  
í Smáralind



Verlanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / 528 8000 / [www.smaralind.is](http://www.smaralind.is)

**KOMDU OG TAKTU ÞÁTT Í ÁHLAUPI**

**50% afsláttur í 15 mínútur á dag!**

*Nánari upplýsingar um tímasetningu Áhlaupa í Kauphlaupsblaðinu eða á [www.smaralind.is](http://www.smaralind.is)*





## KJÖRKASSINN

Þarf að rannsaka einkavæðingu bankanna betur?

Niðurstöður gær dagsins á [visir.is](http://visir.is)

Já	81,71%
Nei	18,29%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Myndir þú kaupa sumarhús af Orkuveitunni?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://visir.is) og segðu þína skoðun



Yfirmaður hjálparsamtaka handtekinn:

## Upplýsti um myrkraverkin í Darfur

**LONDON. AP** Forsvarsmenn mannréttinda- og hjálparsamtaka segja að handtökur súðanskra yfirvalda á tveimur yfirmönnum samtakanna Lækna án landamæra sýni hversu langt súðönsk yfirvöld ganga til að fela myrkraverk sín fyrir umheiminum.

Á mánudag var Paul Foreman, yfirmaður Lækna án landamæra í Súdan, tekinn höndum og degi síðar var svo svæðisstjóri samtakanna í Darfur-héraði handtekinn.

Þeim er gefið að sök að hafa dreift rögi um stjórnvöld í skýrslu sinni sem gefin var út í

mars, en þar lýsa lækarnir nauðgunum og ofbeldi sem Darfur-búar hafa verið beittir undanfarnin misseri.

Í skýrslunni segja samtökin að lækisrannsóknir bendi til að yfir 500 konum hefði verið nauðgað mánuðina þar á undan. 80 prósent fórnarlambanna sögðu að stjórnarhermenn eða skæruliðasveitir bandamanna þeirra hefðu beitt sig slíku ofbeldi.

Talsmaður í höfuðstöðvum Lækna án landamæra sagði að samtökin reyndu að gæta hlutleysis hvar sem þau störfuðu en voðaverkin sem unnin væru í

Darfur-héraði væru slík að ekki væri hægt að sitja þegjandi undir þeim.

Súðönsk stjórnvöld neita að handtökurnar séu liður í að þagga niður í samtökunum. ■

Í **HALDI SÚDANA** Paul Foreman, yfirmanni Lækna án landamæra í Súdan, er gefið að sök að hafa dreift rögi um ríkisstjórnina. Margir telja þó að súðönsk stjórnvöld séu að reyna að þagga niður orðróm um sín eigin grimmdarverk í Darfur-héraði.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**VÖRÐUR**  
VÁTRYGGINGAFÉLAG

## Viðskiptavinir Varðar Vátryggingafélags hf athugið!

Skrifstofa félagsins að Skaftahlíð 24, í Reykjavík, flyst í Sætún 8, Reykjavík frá og með fimmtudeginum 2. júní 2005.

**Vörður**  
Vátryggingafélag hf.

## Lögreglan átti að láta fyrir til skarar skríða

Lögmenn sakborninga í Dettifossmálinu gagnrýndu lögreglu í gær fyrir að grípa ekki fyrir inn í fíkniefnasmygl. Þeir segja að varhugavert geti verið að láta spennustigið hækka í svo stórum glæpamálum.

**DÓMSMÁL** Lögmenn sakborninga í Dettifossmálinu gagnrýndu vinnubrögð lögreglunnar harðlega þegar málið var tekið til aðalmeðferðar í gær, og sögðu hana hafa sýnt dómgreindarleysi með því að grípa ekki inn í atburðarásina fyrir.

Að auki töluðu þeir fyrir breyttum hugsunarhætti þegar kæmi að ákvörðunum dómstóla um hæfilegar refsingar í málum eins og þessum. „Það hefur ekki skilað neinum árangri að herða refsingar í fíkniefnamálum, eins og gert hefur verið hér á landi. Fíkniefnaneysla minnkar ekkert og harkan í glæpaheiminum ekki heldur, þvert á móti virðist hún aukast ár frá ári. Fólk virðist gleyma því að það er ekki til nein sérstök tegund fíkniefnaneynda, þetta er fólk úr öllum stéttum,“ sagði Jón Magnússon, lögfræðingur Óla Hauks Valtýssonar, eins sakborninganna sem játað hafa aðild að málinu.

Allir sakborninganna í þessu máli voru í neyslu fíkniefna á þeim tíma sem fíkniefnasmyglið átti sér stað. Lögreglan fylgdist með sakborningum í nokkrar vikur með símahlerunum áður en smyglið átti sér stað. Fíkniefnunum, tæpum átta kílóum af amfetamíni, sem reyndist eftir rannsókn vera úþynnt með koffeini, var komið



**SAKBORNINGAR MÆTA Í DÓMSSAL** Fjórir sakborninganna í málinu, Óli Haukur Valtýsson, Elisabet Arnardóttir, Tryggvi Lárusson og Hinrik Jóhannsson, mættu í dómssal í gær, en sá fimmti, Eirur Thorarensen Gunnlaugsson, mætti ekki til aðalmeðferðar í gær.

fyrir í loftpressu sem send var hingað til lands með vöruflytningaskipinu Dettifossi.

Vinnubrögð lögreglunnar voru undarleg að mati lögmanna sakborninganna, „Lögreglan á að koma í veg fyrir afbrot ef hún mögulega getur og í þessu tilfelli er það alveg ljóst að hún virtist reyna eftir fremsti megni að þyngja skell þeirra sem þarna voru þátttakendur, og það er óábyrgt af lögreglunni að haga málum þannig. Í þessu máli svipti einn mannanna sem tengdust málinu sig lífi í gæsluvarðhaldi, meðal annars vegna þess hversu mikil spenna

var komin í málið,“ sagði Jón.

Brynjar Níelsson, lögmaður Hinriks Jóhannssonar, er sammála Jóni í þessu og segir þessa aðferðafræði lögreglunnar gagnrýniverða. „Ég hef bent á það áður, í öðru ótengdu dómssáli, að það getur reynt hættulegt að hækka spennustigið í glæpamálum eins og þessum með því að grípa ekki inn í mál-in strax og það er hægt, ég tala nú ekki um þegar þátttakendur í málinu eru allir í mikilli neyslu fíkniefna, eins og var í þessu tilfelli, þá þarf ekki mikið útaf að bregða svo illa fari.“

[magnush@frettabladid.is](mailto:magnush@frettabladid.is)



**BRYNJAR NÍELSSON** **JÓN MAGNÚSSON**

Bilun í netskiptum á Landspítala:

## Dreifðu röngum skilaboðum

**HEILBRIGÐISMÁL** Bilun í tveimur nýjum netskiptum frá Cisco olli því að netkerfi Landspítala – háskólasjúkrahúss datt út í fyrradag, að því er fram kemur í tilkynningu frá spítalanum. Kerfið var úti í nær fimm klukkustundir.

Netskiptarnir sem um ræðir eru í Kópavogi og Ármúla en á öllu spítalanetinu eru 260 slíkir skiptar. Bilunin lýsti sér þannig að skiptarnir fóru að dreifa röngum skilaboðum út á netið með þeim afleiðingum að bandbreiddin yfirfylltist og teppti alla aðra umferð.

Unnið hefur verið að endurbótum á netkerfi spítalans og fyrir hefur legið nokkuð kostnaðarsöm áætlun um endurnýjun á búnaði, sem talið er að hefði komið í veg fyrir það sem gerðist í fyrradag.



**LANDSPÍTALINN** Bilunin í netkerfi spítalans varði í nær fimm klukkustundir.

Biluðu skiptarnir verða sendir til útlanda til Cisco Systems til að greina frekar ástæður bilunarinn-

ar. Þessir skiptar eru hluti af burðarlagi fyrir gagna- og símaflutninginn á spítalanetinu. - jss

[www.verk.hi.is](http://www.verk.hi.is)



VERKFRÆÐIDEILD  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

## VERKFRÆÐI STOFNUN HÍ

Meistaradagur 2. júní

kl. 13.00-18.00 í VR II, Hjarðarhaga 2-6

Meistaraverkefni styrkt af  
Orkuveitu Reykjavíkur 2004 - 2005

Meistaravörn:

Leifur Arnar Kristjánsson  
Gerð líkana af aflþörf uppsjávarveiðiskipa

Málstofa:

Páll Valdimarsson, prófessor kynnir verkefni  
Purevsuren Dorj, M.Sc.:  
Varmaorkuver í Mongólíu

Anna Karlsdóttir M.Sc.  
Hönnunarkerfi fyrir pípukerfi á háhitasvæðum

Hlynur Kristinsson M.Sc.  
Hönnun pípuleiðar með aðstoð fjarlægðarvarpana  
fyrir landslag

Steinar Ríkhartsson M.Sc.  
Greining hitavistar í hárrí glerbyggingu  
– Tengibygging í höfuðstöðvum OR

Íslenskir verkefningar eru leiðandi í rannsóknum á nýtingu jarðvarma. Orkuveita Reykjavíkur hefur stuðlað að framsæknu meistaránámi við Verkefni HÍ með því að styrkja 4 til 5 meistaraverkefni á hverju ári og er heildarfjöldi 12 styrkir. Dagskrá og nánari upplýsingar á [www.hi.is/page/md2005](http://www.hi.is/page/md2005)



# Helgarsprengja

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind, Skeifu, Kringlu, Spöng og Akureyri



2.990

## Ideline krapvél

Ískrapsvél með skál

Einfalt, skemmtilegt og gott. Þú setur klaka í vélina og á nokkrum sekúndum er komið dýrindis ískrap sem má bragðbæta með t.d. uppáhaldsávaxtabykkni.

**Ideline Poppvél**  
900w poppari  
Tekur 30g í hvert skipti  
Tilbúið á aðeins 3 mínútum



1.990



11.990

## Dantax C24 24 lítra kæliur 12/220v

24 lítra mini kæliur/hitari • 1 hilla • Ljós inn í kæli • Kæliur 20-25° neðar en umhverfishita • Ljós sem sýnir hvort hann er að hita eða kæla • Haldfang • 12 og 220V • 12V kapall fylgir  
Litur: Silfur • Stærð í cm: (hxbxd): 46,3x37,5x41,5"

## Olympus C170 Myndavél

Digital Myndavél með 4 milljónir punkta upplausn  
4 megapixel  
4x digital zoom  
Linsa: 6.11mm  
1,5" LCD skjár  
Autofocus og auto white balance  
Auto exposure og þrjár manual stillingar  
Hágæða hreyfimyndataka  
Þrjár myndstærðir  
Auto flass og red eye reduction  
Tímarofi  
USB tenging við tölvu  
14mb innra minni  
Rauf fyrir xD kort  
Hugbúnaður fylgir



11.990

fullt verð 17.990

## Olympus C480Z Myndavél

Digital Myndavél með 4 milljónir punkta upplausn  
4 megapixel  
3x optical og 4x digital zoom  
Linsa: 6.3-18,9mm  
1,5" LCD skjár  
Autofocus og auto white balance  
Auto exposure og þrjár manual stillingar  
Hágæða hreyfimyndataka  
Þrjár myndstærðir  
Auto flass og red eye reduction  
Tímarofi  
USB tenging við tölvu  
14mb innra minni  
Rauf fyrir xD kort  
Hugbúnaður fylgir



14.990

fullt verð 19.990



6.990

## Dantax C12 12 lítra kæliur 12/220v

12 lítra mini kæliur/hitari • 1 hilla • Kæliur 20-25° neðar en umhverfishita • Ljós sem sýnir hvort hann er að hita eða kæla • Haldfang • 12 og 220V • 12V kapall fylgir  
• Litur: Silfur

## Olympus MJU500 Myndavél

Digital Myndavél með 5 milljónir punkta upplausn  
5 megapixel  
3x optical zoom og 4x digital zoom  
Linsa: 5.8 - 17.4mm  
2,5" LCD Skjár  
Autofocus og auto white balance  
Auto exposure og þrjár manual stillingar  
Hágæða hreyfimyndataka með hljóði  
Sex myndstærðir  
Auto flass og red eye reduction  
Tímarofi  
USB tenging við tölvu  
32mb xD kort fylgir  
Hugbúnaður fylgir



22.990

fullt verð 34.990

## Olympus C60Z Myndavél

Digital Myndavél með 6,1 milljónir punkta upplausn  
6,1 megapixel  
3x optical zoom og 4x digital zoom  
Linsa: 7,8 - 23,4mm  
1,8" LCD Skjár  
Autofocus og auto white balance  
Auto exposure og þrjár manual stillingar  
Hágæða hreyfimyndataka með hljóði  
Átta myndstærðir  
Auto flass og red eye reduction  
Tímarofi  
USB 2.0 tenging við tölvu  
32mb xD kort fylgir  
Hugbúnaður og fjarstýring fylgja



24.990

fullt verð 39.990

Gildir til 6. júní eða á meðan birgðir endast.

# HAGKAUP

Skemmtilegast að versla







Hannes Hólmsteinn:

## Reyndi að ná sáttum

**DÓMSMÁL** „Hljóðið í mér er ljómandi gott. Margir lögfræðingar segja mér að málatilbúnaður þeirra sem sækja málið sé ekki mjög vandaður því ekki er bent nægilega vel á einhverja sök í málinu. Ég hef enga trú á því að hægt sé að sakfella mig fyrir þetta,“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson og er ánægður með hvernig málfutningurinn fór í gærmorgun.

Hannes segir að fyrst ættingjar Halldórs Laxness hafi ákveðið að fara í mál við sig hefði verið rökrétt að þeir hefðu einnig farið í mál við þann sem gaf bókina út.

„Ég hef reynt að leita satta við fjölskyldu Laxness því mér finnst leiðinlegt að standa í stappi við gamla konu eins og Auði Laxness. Ekki hefur verið tekið vel í það,“ segir Hannes.

Aðalástæðuna fyrir málaferlunum gegn sér segir Hannes vera þá að vinstrisinnadri fjölskyldu Laxness og bókmenntamönnum í kringum hana finnst að hægrimaður megi ekki skrifa um Halldór Laxness.

**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON** Hefur enga trú á að hann verði sakfelldur fyrir brot á höfundarlögum.



Flugfélagið Ernir:

## Ný flugvél í notkun

**SAMGÖNGUR** Flugfélagið Ernir tók nýja flugvél í notkun á mánudag. Fyrsta ferð vélarinnar var eins og hálf klukkustundar útsýnisflug um Suðurland sem kallast Jökjar og eldfjöll þar sem flogið var að Gullfossi og Geysi og yfir Tindfjalla- og Eyjafjallajökul.

Flugvélin er eins hreyfils Cessna 207 og getur tekið allt að sjö farþega.

Ernir rekur nú fjórar flugvélar; tvær níu farþega og tvær eins hreyfils vélar sem taka sjö og níu farþega.

- ifv

### VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað heitir uppljóstrarinn frægi í Watergate-málinu, „Deep Throat“, réttu nafni?

2 Hvaðan er flóttafólkið sem væntanlegt er til Íslands í sumar?

3 Hvað heitir nýr forstjóri Icelandic Group (SÍF)?

SVÖRIN ERU Á BLS. 50



**birta**

SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

## FOCUS

Vönduð eikarhúsgögn.  
Hönnuð og framleidd í Belgíu.



Glerskápur  
kr. 124.470

Hurðaskápur  
kr. 116.640

Skenkur  
kr. 94.230

Borðstofuborð  
kr. 125.280

Stóll  
kr. 22.410

Bekkur  
kr. 25.920

**Lif & List**  
HÚSGÖGN

Ármúla 44,  
sími 553 2035

## Krafinn um átta milljónir

Fjölskylda Halldórs Laxness fer fram á að Hannes Hólmsteinn Gissurarson verði dæmdur fyrir brot á höfundarlögum í 120 tilvikum.

**DÓMSMÁL** Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor og rithöfundur, er sakaður um að hafa brotið höfundarlög í 120 tilvikum í fyrsta bindi bókar sinnar um ævi nóbels-skáldsins Halldórs Laxness sem kom út haustið 2003.

Lögmaður Auðar Laxness, ekkju Halldórs, setur fram refsikröfu í málinu og fer fram á að Hannes verði dæmdur til greiðslu nærri átta milljóna króna í miska- og skaðabætur auk greiðslu málskostnaðar.

Meginrök lögmanns Hannesar fyrir því að vísa beri málinu frá eru aðallega þau að málið hafi verið vanreifað þar sem hvert þeirra 120 atriða sem tekin eru fram í stefnu sé ekki nægilega vel rökstutt. Auk þessa sagði lögmaðurinn að réttur stefnanda til að höfða einkarefsimál á hendur Hannesi væri fallinn niður þar sem meira en sex mánuðir hefðu liðið frá því að stefnandi fékk vitneskju um meint brot Hannesar þar til ákæra var lögð fram.

Kröfunni um miskabætur að upphæð 2,5 milljónir króna hafnaði

lögmaður Hannesar á þeim forsendum að ekki væri rökstutt af hverju þessarar upphæðar væri krafist auk þess sem einungis höfundur verks gæti krafist miskabóta en ekki erfingjar hans. Skaðabótakröfunni að upphæð 5 milljónir var hafnað með þeim rökum að bótakrafa meætti ekki vera hærri en ávinningur meints brotaaðila og ekki hefði verið sýnt fram á ávinning Hannesar af skrifunum.

Lögmaður Auðar hafnaði því að málið væri vanreifað þar sem flest þeirra 120 atriða sem tiltekin væru í stefnunni féllu undir sömu greinar laga um höfundarrétt og því óþarft að tiltaka nákvæman rökstuðning fyrir hverju atriði í stefnunni. Hann sagði rök lögmanns Hannesar fyrir fyrningu refsikröfunnar ekki nægileg. Ábyrgðina fyrir útgáfu bókarinnar sagði lögmaðurinn hvíla hjá Hannesi þar sem hann væri höfundur bókarinnar.

Úrskurður um frávisunarkröfunna verður kveðinn upp í síðasta lagi 14. júní.

ingi@frettabladid.is



GLÚFRASTEINN Dóms í máli erfingja Halldórs Laxness gegn Hannesi Hólmsteini Gissurarsoni er beðið með nokkurri eftirvæntingu bæði hér á landi og erlendis. Myndin er samsett.

Bæjarstjórnarskipti í Kópavogi:

## Engin bylting

**KÓPAVOGUR** „Það koma alltaf nýir síðir með nýjum mönnum en breytingar verða ekki byltingarkenndar,“ sagði Gunnar I. Birgisson þegar hann tók við starfi bæjarstjóra í Kópavogi í gær. Hansína Ásta Björgvinsdóttir hefur verið bæjarstjóri frá því að Sigurður Geirdal lést á síðasta ári.

Hansína og Gunnar hafa stóla-skipti því hún tekur nú við starfi formanns bæjarráðs Kópavogs en Gunnar hefur verið formaður ráðsins frá 1990.

Gunnar lætur af þingmennsku fyrsta október.



**GUNNAR I. BIRGISSON OG HANSÍNA Á. BJÖRGVINSDÓTTIR** Gunnar tekur við lykklavöldum af Hansínu á bæjarstjórnarskiptu Kópavogs í gær.

- jh



# SONY dagar í verslunum Odda aðeins í 3 daga!



**20.000kr.**  
afsláttur!

## FARTÖLVA FS195VP

- 1.6GHz Intel Pentium M
- 512 MB DDR
- 80GB diskur
- 128MB Nvidia Geforce GO 6200
- 15,4" TFT WXGA
- DVD+/-RW Double (DVD skrifari)
- XP Pro

Vörunúmer: LVGNFS195VP

**5.722kr.\*** á mánuði  
í 36 mánuði  
**Tilboðsverð: 159.900kr.**

\*meðalgreiðsla á mán. ef greitt er með greiðslukorti

**15.000kr.**  
afsláttur!

## FARTÖLVA B1VP

- 1.6GHz Intel Pentium M
- 512 MB DDR
- 40GB diskur
- 14,1" TFT XGA
- DVD/CD-RW (CD-skrifari)
- Þráðlaust netkort
- XP Pro

Vörunúmer: LVGNB1VP

**4.328kr.\*** á mánuði  
í 36 mánuði  
**Tilboðsverð: 119.900kr.**

\*meðalgreiðsla á mán. ef greitt er með greiðslukorti

**3.000kr.**  
afsláttur!



## DVD SPILARI DVP-NS33

Glæsilegur nýr DVD spilari með DivX afspilun.

Vörunúmer: LKNS355S

**TILBOÐSVERÐ: 12.900 kr.**

## FARTÖLVA A397XP

- 2.0GHz Intel Pentium M
- 512 MB DDR
- 80GB diskur
- 128MB ATI Mobility Radeon X600
- 17" TFT WUXGA
- DVD+/-RW Double (DVD skrifari)
- XP Pro

Vörunúmer: LVGNA397XP

**9.555kr.\*** á mánuði  
í 36 mánuði  
**Tilboðsverð: 269.900kr.**

\*meðalgreiðsla á mán. ef greitt er með greiðslukorti

**30.000kr.**  
afsláttur!



## MYNDBANDS-UPPTÖKUVÉL HC19

Glæsileg ný myndbands-upptökuvél með 20x optical aðdrætti, Carl Zeiss® linsu, 2,5" TFT LCD-snertiskjá og fjarstýringu.



**Þrífótur og taska fylgja með í kaupbæti!**

Vörunúmer: LKDCRHC19

**4.159kr.\*** á mánuði  
í 12 mánuði  
**Tilboðsverð: 49.900kr.**

\*VAXTALAUS greiðsla á mán. ef greitt er með VISA

## FERÐAGEISLASPILARI D-EJ118

Flottur, glænýr ferðageislaspilari með hristivörn og 50 klst. rafhlöðu-endingu. Heyrnartól fylgja.

Vörunúmer: LKEJ100



**TILBOÐSVERÐ: 6.900 kr.**

## MYNDBANDS-UPPTÖKUVÉL HC22

Handhæg myndbandsupptökuvél vél með 20x optical aðdrætti og LCD-snertiskjá. Tengikví fylgir.

Vörunúmer: DCRHC22

**4.575kr.\*** á mánuði  
í 12 mánuði  
**Tilboðsverð: 54.900kr.**

\*VAXTALAUS greiðsla á mán. ef greitt er með VISA

**5.000kr.**  
afsláttur!



## MYNDAVÉL S40

Stafræn myndavél 4,1 Mega Pixlar með 3x optical aðdrætti, Carl Zeiss® linsu og innra minni 32MB.

Vörunúmer: DSCS40



**5.000kr.**  
afsláttur!

**1.575kr.\*** á mánuði  
í 12 mánuði  
**Tilboðsverð: 18.900kr.**

\*VAXTALAUS greiðsla á mán. ef greitt er með VISA

**15.000kr.**  
afsláttur!



## T3 MYNDAVÉL

Stafræn myndavél 5,1 Mega Pixlar með 3x optical aðdrætti.

Vörunúmer: DSCT1

**3.325kr.\*** á mánuði  
í 12 mánuði  
**Tilboðsverð: 39.900kr.**

\*VAXTALAUS greiðsla á mán. ef greitt er með VISA

## MYNDBANDSUPPTÖKUVÉL PC53

Glæsileg ný myndbandsupptökuvél með 10x optical aðdrætti, Carl Zeiss® linsu, 3,0" TFT LCD-snertiskjá. Fjarstýring og tengistöð fylgja.

Vörunúmer: LKDCRPC53

**5.825kr.\*** á mánuði  
í 12 mánuði  
**Tilboðsverð: 69.900kr.**

\*VAXTALAUS greiðsla á mán. ef greitt er með VISA

**10.000kr.**  
afsláttur!



## W15 MYNDAVÉL

Stafræn myndavél 5,1 Mega Pixlar með 3x optical aðdrætti. Carl Zeiss linsu. USB 2.0 Taska og aukarafhlaða fylgja.

Vörunúmer: DSCW15



**3.325kr.\*** á mánuði  
í 12 mánuði  
**Tilboðsverð: 39.900kr.**

\*VAXTALAUS greiðsla á mán. ef greitt er með VISA



## CYBER-SHOT DSC-L1 MYNDAVÉL

Stafræn myndavél 4,1 Mega Pixla með Carl Zeiss linsu.

Vörunúmer: DSCL1S silfur

Vörunúmer: DSCL1B svart

**2.492kr.\*** á mánuði  
í 12 mánuði  
**Tilboðsverð: 29.900kr.**

\*VAXTALAUS greiðsla á mán. ef greitt er með VISA

### Verslanir Odda

Borgartúni 29 • 105 Reykjavík • Sími 515 5170 • Opið virka daga 8-18 og lau. 10-17  
Höfðabakka 3 • 110 Reykjavík • Sími 515 5105 • Opið virka daga 8-18







Ný og glæsileg handbók er komin út.



Vínarsteinn

www.bmvalla.is

**BM·VALLÁ**

Söludeildir:

- Í Fornalundi Reykjavík ☎585 5050 • Suðurhrauni 6 Hafnarfirði ☎585 5080
- V/Súluveg Akureyri ☎460 2200 • Ægisgötu 6 Reyðarfirði ☎477 2050
- Höfðaseli 4 Akranes ☎433 5600

Landbúnaðarstofnun tekur til starfa á Selfossi um áramótin:

## Margir staðir komu til greina

**LANDBÚNAÐUR** „Þarna varð að líta til margra þátta og margir aðrir staðir en Selfoss komu vel til greina,“ segir Guðni Ágústsson landbúnaðarráðgjafi, en hann hefur ákveðið að fyrirhuguð Landbúnaðarstofnun, sem tekur til starfa á næsta ári, verði staðsett á Selfossi.

Hugmyndin er að Landbúnaðarstofnunin muni efla starfsemi þeirra embætta sem undir hana munu heyra en það eru embætti veiðimálastjóra, yfirdýralæknis, plöntueftirlitsins auk annarra. Guðni segir að stofnunin muni efla allt eftirlit innan landbúnaðarins og bæta þjónustustig gagnvart neytendum og viðskiptavinum.



**SELFÖSS** Landbúnaðarráðgjafi vill koma þar fyrir Landbúnaðarstofnun sem hefja mun starfsemi á næsta ári. Um stóran vinnustað verður að ræða og talsverð búbot fyrir sveitarfélagið.

„Ástæða þess að Selfoss varð fyrir valinu var einfaldlega sú að gæta þurfti þess að Landbúnaðarstofnun væri ekki í of mikill fjarlægð frá höfuðborginni. Það fá allir að starfa áfram sem þess óska og

hluti þeirra er búsettur í höfuðborginni. Að öðru leyti var til þess að líta að þarna er stærsta landbúnaðarsvæði landsins. Útibú frá stofnuninni verða þó áfram staðsett víða um land.“

-aðe

## Flóttafólkið hefur fest hér rætur

Langflestir þeirra 420 flóttamanna sem komið hafa hingað á vegum íslenska ríkisins eru búsettir hér. Í undantekningartilvikum hefur fólk þó snúið heim aftur og einstaka flutt til annarra landa, þar sem ættingjar búa.

**FLÓTTAFÓLK** Samtals 420 flóttamenn hafa komið hingað til lands á vegum íslenska ríkisins síðastliðin fimm tíu ár. Langflestir þeirra hafa ílenst hér, ýmist í Reykjavík eða úti á landi, að sögn Hólmfríðar Gísladóttur sem unnið hefur að málefnum þessa fólks hjá Rauða krossi Íslands um árabíl og fylgst vel með því.

Hólmfríður sagði að búferlaflutningar á þeim þrettán hópum flóttamanna sem komið hefðu hingað til lands hefðu ekki verið tíðari en tíðkaðist hjá öðrum landsmönnum, með örfáum undantekningum þó. Pólverjarnir hefðu tollað illa hér og hópurinn sem kom frá Kosovo 1999 hefði átt þess kost að fara heim aftur undir vernd, samkvæmt boði Sameinuðu þjóðanna. Það hefði orðið til þess að 37 manns hefðu snúið aftur til heimkynna sinna. Þannig hefði hópurinn á Reyðarfirði farið heim eins og hann lagði sig. Nokkrir þeirra sem



**Á AKUREYRI** Flóttafólkið sem kom til Akureyrar í mars 2003 unnrí hag sínum mjög vel, enda hefur aðlögunin gengið eins og best verður á koski.

ýmist verið Serbar eða fólk af blönduðum hjónaböndum, þar sem annað var af serbneskum uppruna

mætti nefna Akureyri í því sambandi.

„Búferlaflutningar þessa fólks hafa algjörlega verið háðir atvinnu þess og skólagöngu barnanna, rétt eins og hjá öðrum landsmönnum,“ sagði Hólmfríður. „Það er áberandi hjá þessum fjölskyldum, ekki síst serbnesku fjölskyldunum, sem hefur kannski verið splundrað áður en þær komu hingað að foreldrarir fylgja börnum sínum ef þau þurfa að sækja skólagöngu annars staðar á landinu. Þá flytja þau einfaldlega.“

Ríkisstjórnin samþykkti í vikunni að taka á móti allt að 30 flóttamönnum frá Kólumbíu og fyrrum Júgóslavíu. Það verður þá fjórtándi hópurinn sem íslenska ríkið tekur á móti. Árni Gunnarsson, formaður Flóttamannaráðs, sagði að íslenskir fulltrúar myndu líklega hitta þetta fólk í júní og júlí. Lögð væri áhersla á að kynna því landið og allar aðstæður, þannig að það vissi að hverju það gengi.

jss@frettabladid.is

### FJÖLDI FLÓTTAMANNA

1956	52	Ungverjaland	Reykjavík og víðar
1959	32	Júgóslavía	Reykjavík og víðar
1979	34	Víetnam	Reykjavík
1982	26	Pólland	Reykjavík og víðar
1990	30	Víetnam	Reykjavík
1991	30	Víetnam	Reykjavík
1996	30	Júgóslavía	Ísafjörður
1997	17	Júgóslavía	Höfn í Hornafirði
1998	23	Júgóslavía	Blönduós
1999	75	Kosovo	Dalvík/Reyðarfjörður/Hafnarfjörður
2000	24	Króaía	Siglufjörður
2001	23	Króaía	Reykjanesbær
2002	0	0	
2003	24	Króaía	Akureyri

hefðu farið til Dalvíkur hefðu flutt suður á bóginn. Sá hópur öðlaðist íslenskan ríkisborgararétt á síðasta ári.

Hólmfríður sagði enn fremur að flóttamennirnir frá Króaíu hefðu

og hitt af króaískum. Vegna þessarar blöndunar voru fjölskyldurnar ofsóttar og reknar burtu úr eigin landi. Hún bætti við að flóttafólkið af serbneskum uppruna hefði samlagast sérlega vel og

Ríkisstjórnin styrkir Evu Klonowski:

## Tvær milljónir vegna starfa í Bosníu

**STYRKUR** Eva Klonowski, íslenskur réttarmeinafræðingur af pólskum uppruna, hefur fengið tveggja milljóna króna styrk frá ríkisstjórninni vegna starfa sinna í Bosníu. Þar vinnur hún við að bera kennsl á lík fólks sem féll í styrjöldinni á tímabilinu 1992 til 1995.

Eva hefur starfað í Bosníu um árabíl og í viðtali við Time-tímaritið árið 2003 sagði hún eitt sinn að sennilega væri betra að vinna sem aðstoðarmaður í ilmvatnsbúð en við það að róta í fjöldagröfum.

Eva kom til Íslands árið 1981 er hún gat ekki snúið aftur til Póllands

úr fríi í Austurríki vegna ástandsins heima fyrir. Hún og eiginmaður hennar skráðu sig sem flóttamenn og var þeim skömmu síðar boðið að setjast að á Íslandi.

Eva hefur starfað í Bosníu frá árinu 1996 og hefur enginn réttarmeinafræðingur enst jafn lengi þar. Hún sinnir starfinu af því líkri hugsjón að stundum hefur hún starfað launalaust heilu árin og er því vel að styrknum komin.

- oá

**EVA KLONOWSKI** Hér er Eva við störf sín í Bosníu.





Sjáðu  
**Gústa**  
 trúði  
 í sirkus

Listahátíð í Reykjavík 2005  14. maí - 5. júní

Síminn er samstarfsaðili um sýningar nýsirkusins **Cirque**, sem skemmtir í stóru tjaldi á hafnarbakkanum á vegum Listahátíðar í Reykjavík og Hátíðar hafsins.

Sögð verður sagan af Gústa trúði með sjónhverfingum, loftfímleikum, leik og línudansi. Ótrúleg sirkusbrögð og frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna!

**Sýningar eru á hafnarbakkanum í miðbæ Reykjavíkur í kvöld kl. 17 og dagana 4., 5. og 6. júní kl. 20.**





**MALADIR MÉLINU SMÆRRA** Brot á höfundarrétti eru býsna algeng í Rússlandi. Í viðleitni sinni til að sporna við þeim lét lögreglan í Moskvu stórvirkar vinnuvélar mala rúm hundrað tonn af geisladiskum og myndbandspólum í smátt.

Sjálfstæðismenn í Orkuveitu:

## Lýsa furðu á framkvæmdinni

**FRÍSTUNDABYGGÐ** „Reykjavíkurlistinn ætlar aldrei að læra. Fjárfestingar Orkuveitunnar í fjarskiptarekstri og risarækjueldi hafa kostað borgarbúa milljarða og áfram er haldið,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, fulltrúi sjálfstæðismanna í stjórn Orkuveitunnar.

Í bókun sem sjálfstæðismenn lögðu fram á stjórnarfundum Orkuveitunnar í gær lýsa þeir furðu sinni á því að Orkuveitan muni taka þátt í að byggja upp frístundabyggð við Úlfjótssvatn. Á stjórnarfundinum samþykkti meirihluti stjórnarinnar að annast skipulag jarðarinnar við Úlfjótssvatn með það í huga að

þar rísi frístundabyggð.

Sjálfstæðismenn segja að orkunefnd borgarinnar hafi skilað niðurstöðu um að fjárfestingar Orkuveitunnar tengist fyrst og fremst þeim sviðum sem fyrirtækið hafi sérþekkingu á og í ljósi þess komi þessi fjárfesting á óvart.

Segja sjálfstæðismenn að afstaða Vinstri grænna í málinu komi mjög á óvart og telja þeir hana niðurstöðu baktjaldamakks innan R-listans.

**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**  
„Reykjavíkurlistinn ætlar aldrei að læra.“



Sjálfstæðismenn í Orkuveitu:

## Alfreð hafður undir

**HELGVÍK** Sjálfstæðismenn í stjórn Orkuveitunnar lögðu fram bókun á stjórnarfundum fyrirtækisins í gær þar sem þeir lýstu furðu sinni á því að viljayfirlýsing um sölu raforku til álfvers í Helgúvík væri ekki á dagskrá fundarins.

Í bókuninni segir að það sé augljóst að Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, hafi verið hafður undir í málinu og að hann njóti ekki trausts innan samstarfsflokka tveggja innan Reykjavíkurlistans, Vinstri grænna og Samfylkingarinnar.

Ólga í Írak:

## Njósnaða Saddams náð

**BAGDAD, AP** Bandarískir hermenn handtóku í gærmorgun mann sem talinn er hafa njósnað fyrir Saddam Hussein á valdatíma hans. Yfirvöld hafa ekkert viljað gefa upp um handtökuna að öðru leyti.

Um svipað leyti gerðu uppreisnarmenn sprengjuárás nærri flugvælinum í Bagdad. Enginn lést í tilræðinu en að minnsta kosti fimmtán Írakar særðust alvarlega. Tilræðismennirnir fylgdu sprengingunni eftir með því að hefja vélbyssuskothríð á bandarískar og íraskar öryggisveitir við flugvöllinn.

670 manns féllu í átökum í Írak í maí, rúmlega tvö hundruð fleiri en í mánuðinum þar á undan.

### LÖGREGLUFRETTIR

**HRAÐAKSTUR Á REYKJANESBRAUT** Lögreglan í Keflavík tók fjóra ökumenn fyrir of hraðan akstur á Reykjanesbrautinni í gærmorgun. Sá sem hraðast fór keyrði á um 130 kílómetra hraða.

**MAÐUR FUNDINN** Maðurinn sem leitað var að á svæðinu í kringum Hafnarfjall frá þriðjudegi fannst í gær. Samkvæmt lögreglunni í Borgarnesi var hann við ágæta heilsu þegar hann fannst.

# Frístundabyggð við Úlfjótssvatn samþykkt

Orkuveitan hyggst ekki byggja sumarhús við Úlfjótssvatn heldur aðeins annast skipulag jarðarinnar. Heimild er í hluthafasamkomulagi milli Orkuveitunnar og dótturfélags Íslandsbanka til að byggja og selja hús á jörðinni. Félagin stefna að frekari jarðakaupum.

**FRÍSTUNDABYGGÐ** Stjórn Orkuveitunnar samþykkti á fundi sínum í gær að stofna hlutafélag um rekstur frístundabyggðar við Úlfjótssvatn í samvinnu við Klasa, dótturfélag Íslandsbanka. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur hið nýja félag í hyggju að skipuleggja sex hundruð bústaða frístundabyggð í landi Úlfjótssvatns.

Í hluthafasamningi félaganna tveggja segir meðal annars: „Stefnt skal að því að félagið annast skipulagningu jarðarinnar, mögulega uppbyggingu húsa á jörðinni, sölu þeirra og þjónustu frístundabyggðina.“

Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, segir að þrátt fyrir þetta orðalag sé það ekki ætlunin að Orkuveitan byggji bústaðina sem eiga að rísa á landinu. „Þetta er sett þarna inn til að hafa alla möguleika fyrir hendi. Það er líka verið að hugsa að þarna geti risið einhvers konar þjónusta og þess vegna er þetta haft svona. Fyrst og fremst er verið að þróa svæði þar sem risið getur sumarhúsabyggð.“ Alfreð segir að við-



**STJÓRNARFUNDUR** Orkuveitan samþykkti á fundi sínum í gær að þróa frístundabyggð við Úlfjótssvatn í Grímsnes- og Grafningshreppi, gegn vilja sjálfstæðismanna.

skiptaáætlun sem fylgdi hluthafasamningnum beri ekki með sér að ætlunin sé að nýja félagið hafi eignarhald á bústöðunum.

Í áður nefndu hluthafasamkomulagi kemur fram að stefna hluthafa félagsins sé að stækka skipulags- og uppbyggingarsvæðið, meðal annars með því að leita samninga um kaup á landi í nágrenni Úlfjótssvatns. Hin nýja frístundabyggð er alls tæplega fimmtán hundruð hektarar en ekki liggur fyrir með hvaða hætti selja á sumarhúsalandin sem eiga að rísa né heldur hvað þau eiga að kosta.

Í bókun meirihluta stjórnar

Orkuveitunnar segir að tilgangurinn með verkefninu sé að skapa arð af landinu. Þá sé stefnt að því að gera landið aðlaðandi með því að skipuleggja það með þeim hætti sem fyrirhugað er, meðal annars með vegalagningu, bryggjum og golfaðstöðu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru ýmsir möguleikar í umræðunni um aðkomu Orkuveitunnar að uppbyggingu svæðisins við Úlfjótssvatn. Meðal þeirra voru hugmyndir um að einstaklingum byðist kaupleiga á sumarhúsum.

[hjalmar@frettabladid.is](mailto:hjalmar@frettabladid.is)



**JÖRÐIN ÚLFJÓTSSVATN** Hvíta línan afmarkar jörðina Úlfjótssvatn þar sem hin nýja frístundabyggð Orkuveitunnar á að rísa.



**SUMARBÚSTAÐIR Í GRÍMSNESI** Um tvö þúsund sumarhúsastaðir eru í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Oddviti Grímsnes og Grafningshrepps:

## Fagna uppbyggingu

**FRÍSTUNDABYGGÐ** „Ég fagna allri uppbyggingu í sveitarfélaginu,“ segir Gunnar Þorgeirsson, oddviti í Grímsnes- og Grafningshreppi, um fyrirhugaða frístundabyggð við Úlfjótssvatn. Hann segir að honum og öðrum fulltrúum í sveitarstjórn hafi verið kynnt málið með óformlegum hætti fyrir nokkrum mánuðum þegar hugmyndavinna vegna málsins var að fara af stað á vegum Orkuveitunnar.

„Við höfum ekki fjallað um

þetta formlega, hvorki í sveitarstjórn né í skipulagsnefnd. Það liggur ljóst fyrir að ef það á að byggja svona þarf að breyta skipulagi svæðisins en ég á eftir að sjá útfærslu á þessu,“ segir Gunnar. Hann segir að nú séu um tvö þúsund sumarhúsastaðir í sveitarfélaginu. Mikil eftirspurn sé eftir lóðum fyrir sumarhús og hin nýja sumarhúsabyggð Orkuveitunnar sé angi af þeirri eftirspurn.

-hb

Samtök fámennra skóla:

## Vilja aukna skólaskyldu

**SKÓLAMÁL** Samtök fámennra skóla hafa áhyggjur af „þeirri tilhneigingu sem nú virðist vera ríkjandi í landinu að sameina og leggja niður hvern skólann af öðrum í nafni fjárhagslegrar hagræðingar“ eins og segir í ályktun samtakanna.

Á nýafstöðnum aðalfundi þeirra var og lýst yfir áhuga á því að ríki og sveitarfélög ynnu saman að því að gera síðasta árið í leikskóla að skólaskyldu. Það fæli í sér endurgjaldslausan leikskóla að hluta.

Á fundinum lýstu fundarmenn einnig yfir áhyggjum vegna áætladrar styttingar náms til stúdentsprófs.

-óá

### LÖGREGLUFRETTIR

**BRUNI Í BREIÐHOLTI** Eldur kom upp í íbúð í Rangárseli í Breiðholti á þriðjudegi og voru lögregla og slökkvilið kölluð á vettvang. Talið er að kviknað hafi í út frá eldavélarhellu. Um tíma var talið að ein manneskja væri inni í íbúðinni en svo reyndist ekki vera.

**BÍLBRUNI Á HÖFN** Eldur kviknaði í gær í bíl við hafnarvogina á Höfn í Hornafirði. Talið er að kviknað hafi í út frá pústkerfi bílsins, en það er þó ekki vitað með vissu. Fljótlega náðist að slökkva eldinn og urðu engin meiðsl á fólki.





kl. 12–18 í dag

# Sumarhátíð

## Pennans-Eymundsson í Hallarmúla!

– litir og lefni, myndavélar, föndur, hopp og hí

Sumarhátíð Pennans-Eymundsson í Hallarmúla gefur fjölskyldunni gott tækifæri til að skemmta sér og gera góð kaup fyrir sumarleyfið. Litir og föndurvörur fyrir börn á öllum aldri í fríinu. Stafræn Kodak myndavél á súpergöðu verði. Crayola kallinn vappar um svæðið, Harry Potter hoppukastali og allir fá ís frá Emmess.



KODAK 3 MP  
STAFRÆN MYNDAVÉL

**9.990 kr.**

Mjög einföld í notkun. Tilbúin beint úr kassanum.  
Myndgæði: 2032 x 1524 (3.1 M) pixla  
Aðdráttur: 4X optískur, 3.5X stafrænn  
Skjær: 1.8 in. (45.7 mm), color, 560 x 240 (134k) pixla  
Video: QuickTime  
Myndir: JPEG/EXIF v2.2

KODAK  
PRENTTENGISTÖÐ 6000

**13.490 kr.**



**Helstu eiginleikar:**

- Raunveruleg Kodak gæði á 90 sek.
- Hægt að nota með eða án tölvu
- Passar við allar Kodak EasyShare vélar
- Prentar 102 x 152 mm án hvíts jaðars
- Hleðslurafhlaða (Ni-MH) fylgir með
- Prentarinn hleður myndavélina



**-30%**

FÖNDURSETT, KLUKKA  
Verð áður: 1295 kr.  
**906 kr.**



**-40%**

VAXLITASETT Í JÁRNDÓS,  
16 LITIR  
Verð áður: 725 kr.  
**435 kr.**



**Kynning á staðnum!**

Örugg geymsla á myndum

**Fyrir Kodak prenttengistöðvar**

Borði og blöð fyrir 40 myndir, passar í Kodak prentstöðvar. Auðvelt í notkun.

Tilboðsverð:  
**1.990 kr.**

**20% afsláttur af öllum myndaalbúnum**

**20% afsláttur af öllum erlendum tímaritum**

Gildir aðeins í dag, 2. júní



**-40%**

GIFSSETT ZOOGLES  
Verð áður: 998 kr.  
**599 kr.**

**emmessis**

**PENNAN**

**Eymundsson**

Tilboðin gilda frá 2.–4. júní eða á meðan birgðir endast.





Stjúpur  
20 stk. hreinir litir **799**



Petúníur  
5 stk.  
**999**



Sólboði **499**

# Gróðurátak í Blómavali

Fimmtudag - sunnudags  
í kvöld höfum við opið  
til kl. 23.00 í Sigtúni



Bekkir  
Verð frá **5.900**

Lengra  
sumarkvöld  
í Sigtúni



Sýrena í potti  
40-50 sm. **499**



Gullregn i potti **999**  
100 sm.

Garðyrkjuráðgjöf  
Vörukynningar og  
smakk á Græna torginu

Harmonikuleikari  
á staðnum

**20% afsláttur** af öllum  
vörum frá kl 20.00-23.00\*

Allir leystir út með gjöf

\* afsláttur reiknast ekki  
ofan á annan afslátt







Allir frostþolnir útipottar **20%** afsláttur



Gróðurmold **699**  
50 lítrar



Hansarós **499**  
3ja greina



Sérræktaðar  
trjáplöntur

Birki, Stafafura,  
Sitkagreni, Blágreni

**699/stk**



Regnblómið **499**  
vatnsúðari  
Verð áður 2.995

**blómaval**  
heillandi heimur

Reykjavík - Akureyri - Keflavík - Selfoss  
Kringlan - Smáralind



HVAÐ ER AÐ FRÉTTA: GUÐRÚN GERÐUR GUÐRÚNARDÓTTIR, GAGA SKORDAL

## Fílar það í ræmur að prúttu

Guðrún Gerður Guðrúnardóttir, eða listakonan Gaga Skordal, rekur skransölu í bílskúr í Skipholti. Hún segir að salan gangi vel og alltaf séu að bæstast við nýir viðskiptavinir. „Unga fólk vill koma hingað í staðinn fyrir að fara í Ikea,“ segir Gaga hlæjandi en stúdentabúðir eru í nálægð við skransöluna. Guðrún hannar líka litríkar og skrautlegar húfur og peysur. „Enda er ég mjög litríkur persónuleiki,“ segir Guðrún og skellir upp úr. Peysurnar kallar Guðrún stuttpeysur, en þær eru með pínulitlar ermar. Salan á þeim og húfunum gengur vel og eru þær vinsælar hjá öllum aldurshópum. Gaga, sem dregur nafn sitt af upphafsstöfum sínum og systra sína, hefur engan áhuga á að selja skranið sitt í Kolaportinu því þar er ekkert prúttuð



lengur. En Guðrún segist fíla það í ræmur að prúttu. Varla er hægt að kalla bílskúr Guðrúnar antikverslun en þar er þó margt gamalt. Guðrún segist finna fyrir auknum áhuga fólks á gömlum hlutum og telur að fólk vilji eignast hluti með sál. Til Guðrúnar koma stundum ferðamenn sem kaupa hönnun hennar en auk þess eitthvað af gömlu dóti. Guðrún myndi vilja sjá svipaðar skransölur úti á landi og hefur kvatt konur sem reka fyrirtæki á landsbyggðinni til að reka slíkar verslanir, því Guðrún er viss um að ferðamenn hefðu gaman af því.

**GAGA SKORDAL** Guðrún Gerður með eina af húfum sínum í skransölu.

SVONA ERUM VIÐ



**3.238 ÍSLENSKIR RÍKISBORGARAR FLUTTU AF LANDI BROTT ÁRIÐ 2004. ÞAÐ VORU 455 FLEIRI EN FLUTTU TIL LANDSINS.** Heimild: Hagstofan



ÁSTKÆRA YLHÝRA

### Orsakavaldur?

Orðið orsakavaldur er ambaga sem hefur því miður grafið um sig í íslenskunni á síðustu árum. Þegar að er gáð er það samsett úr orðunum orsakir og valdur, sem merkja hvort um sig hér um bil það sem orsakavaldur á að merkja í hugum þeirra sem það orð nota. Orðið er því dæmi um klífun, tvítekningu hugtaks sem stendur fullgilt eitt og sér. Hægt er að ímynda sér orð eins og ástæðuástæðu eða grundvallargrunn, sem fáum dettur vonandi í hug að nota, en þau eru álíka rökrétt og orsakavaldur.

magnus@frettabladid.is

Steinsnar ehf.:

## Opnar fimm stjörnu tjaldstæði

Fimm stjörnu tjaldstæði verður opnað í landi Fossatúns í Borgarfjarðarsveit á morgun. Það er hluti af starfsemi Steinsnars ehf. sem er menningar- og ferðatengd ferðaþjónusta í eigu Steinars Bergs Ísleifssonar og eiginkonu hans.

Hugmyndin vaknaði með Steinari fyrir mörgum árum, en hann langaði að tengja saman lífsstarf sitt úr tónlistarútgáfu við ferðaþjónustu.

Hann keypti jörðina Fossatún fyrir nokkrum árum og hefur síðustu tvö árin byggt svæðið upp. Stórt veitingahús, Tíminn og vatnið, er á staðnum þar sem pláss er fyrir 100 manns í sæti, þar verða haldnir ýmsir tónleikaviðburðir í sumar. Einnig er boðið upp á ýmsa af-



**TÍMINN OG VATNIÐ** Tónlistarviðburðir verða á veitingahúsinu í allt sumar.

þreyingu fyrir gesti og gangandi, til dæmis er stórt útitáfl á staðnum, 18 holu „crazy golf“ minigolfvöllur og stærsti leikkastali á Íslandi að sögn Steinars.

Hann segir staðinn vera yndisfagran en að fáir viti af honum. Fólk geti setið á veitingastaðnum og horft yfir fossinn í ánni. Síðan er hægt að skella sér í heita potta og gufubað fyrir svefninn.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURDÓTTIR



**KJARTAN RAGNARSSON** Tilbúinn í slaginn með tilraunadýrin. Það var létt yfir bæjarstjórn Borgarbyggðar í rútunni þó í vændum væri ferð á vígaslóðir.

## Viðbótarnám í stærðfræði

fyrir starfandi grunnskólakennara

Samvinnuverkefni Kennaraháskóla Íslands og menntamálaráðuneytis vegna átaks í greinabundinni menntun grunnskólakennara.

- Námið hentar öllum sem kenna eða vilja kenna stærðfræði í grunnskólum en hafa ekki sérhæft sig í stærðfræðikennslu.
- Námið er til 15 eininga og hefst í ágúst 2005.
- Mögulegt er að ljúka 30 eininga námi (fullu kjörsviði).
- Kennt er á haustmisseri, vormisseri og sumarmisseri.
- Gert er ráð fyrir að lokið sé 4 til 6 einingum á hverju misseri.
- Námið er sveigjanlegt og hægt að stunda það með starfi. Einnig er hægt að stunda það sem fjarnám.

Umsóknarfrestur er til **20. júní**. Umsóknum skal skilað á skrifstofu Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð. Gert er ráð fyrir að allt að 30 kennarar geti hafið nám að þessu sinni.

Menntamálaráðuneytið stendur straum af kostnaði við kennsluna, þar með töldu skráningargjaldi.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á vef Kennaraháskóla Íslands, [www.khi.is](http://www.khi.is)



**KENNAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Stakkahlíð · 105 Reykjavík  
Sími: 563 3800 · Fax: 563 3833

## Leikstjóri á Egluslóðum

**Kjartan Ragnarsson leikstjóri er orðinn framkvæmdastjóri Landnámsseturs í Borgarnesi sem opnað verður með pompi og prakt næsta vor. Meðal þess sem Landnámssetrið býður upp á eru ferðir um slóðir Egils Skallagrímssonar, þar sem saga hans er rakinn.**

Kjartan bauð bæjarstjórn Borgarbyggðar með í eina slíka ferð í síðustu viku enda vantaði hann tilraunadýr fyrir þessar ferðir. Að sögn Páls Brynjarssonar, bæjarstjóra í Borgarbyggð, skemmtu tilraunadýrin sér hið besta og eru Borgnesingar farnir að hlakka til opunar setursins. Kjartan var líka ánægður með hópinn. „Þeir þekkja vel sína heimabyggð og þarna var líka Sigurjón bóndi frá Valbjarnarvöllum með í för og hann hafði sögur að segja af þessum slóðum engu síður en ég,“ segir Kjartan.

Kjartan segir að hann fari slíkar ferðir með hópum sem hafi samband en svo verði þetta að föstum lið þegar setrið verði opnað.

Landnámssetrið verður til

húsa í Búdarkletti og Pakkhúsinu, sem eru tvö elstu húsin í Borgarnesi, og verða þau sameinuð með tengibyggingu. Þar verður aðstaða í kjallara til að bregða upp sem skýrastri mynd af Íslandi á landnámsstínum með aðstoð tæknimiðla. Einnig verða sögumenn á svæðinu sem munu leiða fólk á lendur landnámsins. Í risinu verður svo baðstofa en þar verður leiksýning á kvöldin um Egilssögu, líkt og vænta mátti af framkvæmdastjóranum.

Kjartan hefur áður verið leiðsögumaður og þá farið með hóp hestamanna til reiddar um hálandisslóðir. „Ég hef alltaf haft gaman af því að ferðast og á öllum ferðaslóðum er einhver saga,“ segir Kjartan. „Egla er alveg kjörin til þess að fræða fólk um landnámið og því lagði ég þessa hugmynd fyrir bæjarstjórn Borgarbyggðar fyrir einu og hálfu ári. Í framhaldi af því stofnuðum við hjónin svo fyrirtæki ásamt bæjarfélaginu til að halda utan um þetta og nú er ég sem sagt orðinn framkvæmdastjóri.“

Spurður hvort hann ætli að safna síðu skeggi til að vera landnámsmanni líkur á setri sínu segir Kjartan að hann verði sjálfur ekki í aðalhlutverki og því þurfi ekki til þess að koma.

[jse@frettabladid.is](http://jse@frettabladid.is)



# Dekurpakki fyrir þig.

Glæsilegur Kitty Kit dekurpakki fylgir  
ef keyptar eru 2 eða fleiri vörur úr CLARINS húðlínunni



Radiance in a  
Flash.



Move  
your Beauty.



Beauty Tricks  
& Treats.

CLARINS  
PARIS

Gildir til 8. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

Fæst í snyrtivöruverslunum Hagkaupa  
Kringlu, Skeifu, Smáralind, Spöng og  
Akureyri.



## FBL GREINING: ATBURÐARÁS WATERGATE-MÁLSINS

## Magnþrungnir mánuðir í sögu þjóðar



**17. júní 1972** Fimm menn eru gómaðir eftir innbrot í höfuðstöðvar Demókrataflokkans á Watergate-hótelinu í Washington, DC.

**15. september** Sjö manns, þar á meðal tveir starfsmenn Hvíta hússins, eru ákærðir fyrir innbrotið í Watergate-bygginguna.

**30. apríl H.R.** Haldeman og John Erlichman, ráðgjafar Nixons, segja upp störfum sínum. John Dean, lögfræðilegur ráðunautur forsetans, er rekinn.

**20. október** „Saturday Night Massacre“: Nixon skipar Elliot Richardson dómismálaráðherra að leysa Archibald Cox, sérlegan saksóknara í málinu, frá störfum. Richardson segir af sér í mótmælaskyni. Robert Borq, settur dómismálaráðherra, rekur Cox í staðinn.

**24. júlí 1974** Hæstiréttur Bandaríkjanna úrskurðar að Nixon beri að afhenda hljóðupptök sínar.

**8. september** Gerald Ford forseti gefur Nixon upp sakir.

„Deep Throat“ W. Mark Felt árið 1976

**1972**

**20. júní** Nixon og ráðgjafi hans, H.R. Haldeman, ræða innbrotið. Síðar kemur í leitirnar átján mínútna langur bútur úr hljóðupptökum af samtalinu sem hafði verið hent.

**1973**

**11.-30. janúar 1973** Fimm manna jata að hafa gerst sekir um samsæri, innbrot og hleranir. Hinir tveir neita sök en eru samt sem áður sakfelldir.

**1973**


**16. júlí** Upplýst er í vitnaleiðslum fyrir þingnefnd um Watergate-málið að til séu hljóðritanir af öllum samtölum Nixons sem átt hafa sér stað í Hvíta húsinu.

**1974**

**27.-30. júlí** Fulltrúadeildin ákærir Nixon fyrir þrenns konar embættisbrot: hindrun réttvísinnar, misbeitingu valds og brot á embættiseið, og að hunsu fyrir stefnur deildarinnar.

**1974**

**9. ágúst** Richard Nixon segir af sér embætti.



HEIMILD/AP

## SPURT &amp; SVARÐ

NAFNLAUSIR HEIMILDARMENN



BIRGIR GUÐMUNDSSON

## Ómetanlegir en umdeildir

Birgir Guðmundsson, blaðamaður og lektor við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri, er fróður um nafnlaus heimildarmenn.

**Eru slíkir menn ekki blaðamönnum mikilvægir?** Jú, vissulega. Á vissan hátt er þetta grundvöllur þess að hægt sé að stunda frjálsa og óháða blaðamennsku. Hins vegar er notkun nafnlausra heimildarmanna afar umdeild og margir stórir fjölmiðlar banna hana nema í algerum undantekningartilvikum því sú staða getur komið upp að verið sé að nota blaðamanninn.

**Hafa blöð lent í vandræðum?** Já, nýlegt dæmi eru vandræðin sem Newsweek lenti í á dögunum þegar það birti frétt um vanhægun á Kóraninum í Guantanamo sem byggð var á vitnisburði nafnlaus heimildarmanns sem þegar til kastanna kom treysti sér ekki til að standa við frásögn sína. Blaðið sat hins vegar í súpunni því það gat auðvitað ekki upplýst um heimild sína.

## Uppljóstrari úr innsta hring

Huldumaðurinn Deep Throat veitti blaðamönnum á sínum tíma upplýsingar sem leiddu til þess að Nixon Bandaríkjaforseti sagði af sér embætti með skömm. Nú hefur Deep Throat sjálfviljugur stigið fram í dagsljósið.

Eins merkilegt og það er virðast margir frekar hafa fundið til vonbrigða en gleði þegar fréttist að Deep Throat, frægasti heimildarmaður allra tíma, hefði verið afhjúpaður. Á þeim 33 árum sem eru liðin síðan fyrstu fréttir Washington Post birtust um Watergate-málið hefur óteljandi kenningum verið fleygt um nafn og stöðu þessa manns. Nú hefur dulúðinni loks verið eytt því í fyrradag upplýsti bandaríska tímaritið Vanity Fair að W. Mark Felt, fyrrverandi aðstoðarforstjóri bandarísku alríkislögreglunnar FBI, væri Deep Throat og í

gær fékkst það staðfest af þeim Bob Woodward og Carl Bernstein, blaðamönnum sem héldu yfir honum hlífiskildi öll þessi ár.

## Haukur í horni

Woodward upplýsti í samtali við Washington Post í gær að í raun hefði það verið tilviljun að fundum þeirra Felt bar saman snemma árs 1972. George Wallace, forsetaframbjóðanda demókrata, hafði verið sýnt banatilræði og mataði Felt Woodward á upplýsingum um rannsókn FBI á málinu, vitaskuld með skilyrði um nafnleynd.

Þegar Watergate-málið kom upp nokkru síðar og blaðamennirnir tóku að rannsaka málið kom heldur betur í ljós að Woodward átti hauk í horni þar sem Felt var. Hann lét Woodward hins vegar aldrei í té neinar frumupplýsingar heldur staðfesti Felt einungis það sem Woodward hafði þegar komist á snöðir um, setti hlutina í samhengi fyrir hann og sagði honum ef hann var á leið í blindgötu.

## Lak ekki af hugsjóninni einni saman

Felt hafði starfað lengi hjá FBI og í því andrúmslofti sem ríkti á tímum kalda stríðsins er áreiðanlegt að hann hafði vitneskju um ýmislegt misjafnt sem ráðamenn landsins höfðu aðhafst. Hvers vegna snerist hann þá allt í einu gegn þeim í þessu máli, sem var svo eldfimt að það leiddi að lokum til afsagnar Bandaríkjaforseta? Tvær tengdar ástæður virðast vera fyrir því.

Í fyrra lagi gramdist honum mjög að hafa verið sniðgenginn þegar J. Edgar Hoover, forstjóri FBI í tæp fimmtíu ár, andaðist í maí 1972. Felt hafði gert sér vonir um að taka við embættinu en annar maður var skipaður, Patrick Gray III, aðstoðardómismálaráðherra.

Í síðara lagi þótti Felt vænt um FBI og því fór það ósegjanlega í taugarnar á honum að stjórnmálamenn væru að ráðskast með stofnunina og vega að sjálfstæði hennar með því að setja menn sína yfir hana. Honum þótti ljóst að í Watergate-málinu myndu Nixon og hans undirsátar reyna að sópa skítinum undir teppið en það vildi Felt koma í veg fyrir. Því hvatti hann Woodward áfram í leit sinni að sannleikanum, jafnvel þegar öll sund virtust lokuð. „Follow the money,“ eru fræg ummæli Deep Throat sem Woodward og Bernstein og fjölmargir rannsóknarblaðamenn hafa æ síðan haft að leiðarljósi.

## Leynilegt tákni

Felt vissi manna best að Hvíta húsið myndi beita öllum brögðum til að stöðva lekann til Washington Post og því héldu þeir Woodward öllum sínum samskiptum í algeru lágmarki. Þegar Woodward þurfti á hjálp Felt að halda setti hann blómapott út á svalir íbúðar sinnar – bragð sem Felt sagði að hefði komið sér í draumi – og þegar Deep Throat vildi hitta blaðamanninn teiknaði hann klukku á eintak hans af New York Times sem gaf til kynna tímasetninguna.



**FEGIN FEDGIN** W. Mark Felt heilsaði blaðamönnum í fyrradag ásamt Joan, dóttur sinni, þegar tíðindin höfðu spurst út. Fjölskylda Felt hefur lengi lagt að honum að leysa frá skjóðunni en hann var tregur til vegna óvissu um hvort hann hefði breytt rétt.



**LAGT Á RÁÐIN** Bob Woodward (t.h.) og Carl Bernstein hlutu heimsfrægð fyrir skrif sín um Watergate-málið.

Fundirnir fóru jafnan fram í húmi nætur í niðurgrofnuðum bílagæmslum og þeir gættu þess vandlega að þeir yrðu aldrei eltir á leið sinni á þá.

Þegar uppljóstranir Felt tóku að bera svo ríkulegan ávöxt fannst ritstjórn Washington Post hæfa að gefa heimildarmanni sínum nafn. Deep Throat varð fyrir valinu, bæði vegna þess að það endurspegladi laumulegan samskiptamáta þeirra Woodward og vegna samnefndrar klámmyndar sem út kom um svipað leyti.

## Ílraðist gerða sinna

Þótt Watergate-málið hafi verið til lykta leitt á sínum tíma hefur vangaveltum um Deep Throat aldrei linnt. Margir komust mjög nærri því hver var á bak við nafnið, eins og blaðamennirnir James Mann sem nefndi Felt í tímaritsgrein árið 1992, og Tim Noah sem ritadi um málið árið 1999, að sögn eftir að sonur Carl Bernstein, þá barnungur, missti nafn Felt út úr sér tíu árum áður við vin sinn í sumarþúðum. Felt hefur hins

vegar þvertekið alla tíð fyrir að hafa nokkuð með Deep Throat að gera – þangað til nú.

Tvö ár eru liðin síðan Vanity Fair fékk ábendingu um að Deep Throat væri mögulega til í að leysa frá skjóðunni, en þar sem lögfræðingur hans fór fram á greiðslu fyrir vikið flæktist málið í þennan tíma. Ættingjar Felt höfðu lengi lagt að honum að koma fram í sviðsljósið en hann er sagður hafa ætíð skammast sín fyrir að hafa brotið af sér í starfi með því að leka upplýsingum.

## Andrúmsloftið hefur verið hreinsað

Ekki liggur ljóst fyrir hvers vegna Felt ákvað að gangast við Deep Throat nú. Washington Post veltir því raunar fyrir sér hvort Felt, sem er 91 árs gamall og heilsulítil eftir heilablóðfall, sé yfirleitt í ástandi til að ákveða slíkt eða hvort lögfræðingur hans og fjölskylda hafi hreinlega hrint honum fram í sviðsljósið.

Í öllu falli hefur goðsögnin verið afhjúpuð og því fylgja líka kostir. Fyrrverandi starfsmenn Hvíta hússins sem hafa legið undir grun í gegnum tíðina fagna tíðindunum því þau þýða að þeir hafi verið hreinsaðir af áburðinum. Bob Woodward og Carl Bernstein benda sjálfir á að leyndardómurinn hafi verið orðinn málinu sjálfu yfirsterki og nú þegar óvissunni um Deep Throat hafi verið eytt geti kannski farið fram heilbrigð endurskoðun á Watergate-málinu og þýðingu þess. ■

# DV

## HANDTÖKUSKIPUN VAR GEFIN ÚT Á EINAR ÁGÚST

Faðir hans hefur ekki heyrt frá honum í fimm daga



Þorir þegar aðrir þegja!







„Það er auðveldara að sækja með sterka vörn fyrir aftan sig. Þess vegna eyði ég í sparnað.“



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)

Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á [landsbanki.is](http://landsbanki.is) eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.

Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað... ert þú.

Eyddu í sparnað.







# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Reykjavíkurlistinn er orðinn tímaskekkja.

## Kjósendur vilja hugmyndir

Þessa dagana sitja fulltrúar Framsóknarflokks, Samfylkingar og Vinstri grænna á fundum og ræða framböð í nafni Reykjavíkurlistans í borgarstjórnarkosningunum að ári. Það segir sína sögu að ekki er verið að ræða um málefnaáherslu framböðsins heldur skiptingu sæta á milli flokkanna og vegtyllur innan borgarkerfisins, haldi listinn meirihlutanum.

R-listinn hafði að ýmsu leyti á sér ferskan blæ þegar hann kom fyrst fram fyrir ellefu árum, vorið 1994. Sjálfstæðisflokkurinn hafði þá stjórnad höfuðborginni nær samfelld áratugum saman. Eina undantekningin var hin misheppnaða vinstri stjórn 1978 til 1982. Mörgum fannst tími til kominn að leiða nýtt fólk og ný viðhorf til öndvegis við stjórn borgarinnar. Jafnréttissjónarmið höfðu sitt að segja og það réð líklega úrslitum að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var borgarstjóraefni R-listans.

*Flokkarnir sem upphaflega stóðu að R-listanum eru hættir starfsemi og nýir flokkar komnir til sögu. Viðhorfin í stjórn málum hafa breyst. Skoðanir á því hverjir eigi samleið og hverjir ekki hafa líka breyst.*

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Þótt ýmislegt hafi verið vel gert á þessu tímabili er hitt ekki síður áberandi sem miður hefur tekist. Þar ber hæst stórfellda skuldaaukningu borgarinnar og vanmátt borgaryfirvalda í skipulags- og byggingarmálum. Það má orða það svo að eitt helsta afrek R-listans hvað skipulagsmálin snertir sé uppbyggingin í nágrannasveitarfélögunum, ekki síst Kópavogi og Garðabæ. Þangað hafa Reykvíkingar flykkst þúsundum saman á undanförunum árum.

Hugmyndin um að sameina fjóra til fimm stjórnmalaflokka til að ná meirihlutanum í Reykjavík úr höndum sjálfstæðismanna var ekki óskynsamleg pólitísk herkaenska á sínum tíma, en hún er barn síns tíma. Flokkarnir sem upphaflega stóðu að R-listanum eru hættir starfsemi og nýir flokkar komnir til sögu. Viðhorfin í stjórn málum hafa breyst. Skoðanir á því hverjir eigi samleið og hverjir ekki hafa líka breyst. Hinn gamli hugmynda-grundvöllur R-listans er í rauninni löngu horfinn, en samstarfinu er haldið gangandi af fámennum hópi forystufólks sem ekki er sjáanlegt að hafi aðrar hugsjónir en að halda völdum í borgarstjórn.

Ljóst er að innan flokkanna sem standa að R-listanum eru ýmsir sem telja mikilvægara að málefni og hugmyndir fái framgang í borginni en að vera í bandalagi sem snýst um völdin ein. Þetta fólk spyr hvort ekki sé heiðarlegra að einstakir stjórnmalaflokkar sýni nafn sitt og númer í kosningum og bjóði kjósendum að velja á milli mismunandi stefnumála og áhersluatriða. Kjósendur í Reykjavík eru orðnir þreyttir á stjórn málum kjóskatla og hlöðukálfa. Undirtektir þær sem skipulagstillögurnar sem sjálfstæðismenn kynntu á dögnum fengu sýna að það er orðin eftirspurn eftir hugmyndastjórn málum. Tími er til kominn að flokkarnir sem mynda R-listann átti sig á þessu. ■

### Engar framfarir

Valgerður Sverrisdóttir, viðskipta- og iðnaðarráðgjafi, er á skotskónum í pistli á vefsíðu sinni í síðustu viku og tugtar stjórnarandstöðuna. Hún á erfitt með að ímynda sér að framfarir hefðu orðið hér á landi ef stjórnarandstöðu-



flokkarnir hefðu verið við völd. Skattar hefðu ekki verið lækkaðir, ekki hefði verið byggt álver í Hvalfirði. Ekki álver á Reyðarfirði. Kárahnjúka-virkjun hefði ekki verið reist, ríkisbankar ekki verið einkavæddir, ekki

heldur Steinullarverksmiðjan, Sementsverksmiðjan og Áburðarverksmiðjan. Hagvöxtur hefði ekki aukist yfir 50 prósent og þjóðarframleiðslan ekki vaxið svona mikið.

### Ráðuneyti Ingibjargar Sólrúnar

Þótt fátt verði um framfarir í valdatíð stjórnarandstöðuflokkanna að mati Valgerðar stíllir hún engu að síður upp ráðherralista fyrir nýja vinstri stjórn sem hún kallar svo. Hún setur Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í stól forsætisráðherra. Steingrímur J. Sigfússon verður utanríkisráðgjafi, kemur hernum af landi brott og þjóðinni úr Nató. Valgerður setur Guðjón Arnar Kristjánsson í fjármálaráðuneytið en telur að hann hafi ekki sýnt mikla þekkingu á skatta-

málum í sjónvarpsmæðum fyrir síðustu þingkosningar. Ágúst Ólaf Ágústsson gerir Valgerður að dómsmálaráðherra. Og Magnús Þór Hafsteinsson verður sjávarútvegsráðgjafi. Kolbrún Halldórsdóttir verður umhverfisráðgjafi, Björgvín G. Sigurðsson verður menntamálaráðgjafi og Ögmundur Jónsson verður líklega félagsmálaráðgjafi, segir Valgerður. „Kristján Möller myndi sækjast eftir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu en hann hefur „sérhæft sig“ í þeim málum í minni tíð. Mér heyrir hann vita nákvæmlega hvernig á að leysa mál á þeim bæ,“ segir Valgerður loks. Sem sagt: Samfylkingin fær fjóra, Vinstri grænir þrjá og Frjálslyndir tvo ráðherra.

johannah@frettabladid.is

## Sextán milljarðar á silfurfati

Eitt er næsta víst um stjórnmalamenn og flokka, sem hafa látið sig hafa það að afhenda fámu út-völdum verðmætar sameignar-auðlindir á sérpússuðu silfurfati í stað þess að setja upp sanngjarnt verð, og það er þetta: þeim er þá varla heldur treystandi til að koma ríkisfyrirtækjum í verð. Úr því að þeir afhentu völdum útvegsönnunum fiskikvótann án endurgjalds (og harðneita enn sem fyrr að opna flokksbæturnar aftur í tímann), hví skyldu þeir þá ekki hafa sama háttinn á einkavæðingu ríkisfyrirtækja? Hví ekki?

Tökum bankana. Landsbankinn og Búnaðarbankinn voru seldir einkavinum á undirverði. Annað stóð ekki til, enda hefði eðlileg einkavæðing viðskiptabankanna verið eitru í beinum beggja stjórnarflokkanna og öndverð innsta eðli þeirra ekki síður en t.a.m. rétt verð fyrir aðgang að fiskimiðunum. Þjóðin fékk smjörþefinn af því, sem koma skyldi, þegar SR mjöl hf. var selt undir sannvirði 1993 eins og ekkert væri sjálfsgaðara, þótt miklu hærra verð væri í boði annars staðar að, utan einkavinahópsins.

Það er hollt í þessu viðfangi að rifja upp nokkrar vendingar á ferli viðskiptabankanna úr ríkiseigu í einkaeign síðan 1999. Í upphafi var fulltrúum Skandinaviska Enskilda Banken boðið hingað heim frá Svíþjóð til við-ræðna um hugsanleg kaup á hlut í Landsbankanum, en þær fóru út um þúfur, og Svíarnir voru sendir heim, enda hefðu þeir aldrei tekið það í mál að hafa framkvæmdastjóra Sjálfstæðis-flokksins áfram í bankaráðinu og fleira í þeim dúr. Þá birtist Sjálfstæðisflokkurinn skyndilega með Björgólf Guðmundsson, dyggan flokksmann frá fyrri tíð, og hann virtist til í allt, og bankinn var þá seldur honum á undir-verði og syni hans við þriðja

Í DAG  
EINKAVÆÐING  
VIÐSKIPTABANKANNA

DORVALDUR  
GYLFASON

Það hefði því verið hægt að selja bankann á mun hærra verði en gert var með því að afþakka milligöngu Finns Ingólfssonar, fyrrverandi varaformanns Framsóknarflokksins, og féлага hans.

mann, og ítök flokksins í bankanum voru þá tryggð. Undirverðið mátti m.a. ráða af því, að Landsbankinn og Búnaðarbankinn voru settir á markað báðir í einu til að þrýsta verðinu niður, enda hækkaði verðið á bréfum í báðum bönkum eftir sölu. Fyrirheitin um dreifða eignaraðild ruku út í veður og vind.

Nú var röðin komin að Framsóknarflokknum og Búnaðarbankanum. Það kemur fram í reikningum KB banka og Eglu hf., sem er samheiti á fáeinum framsóknarfyrirtækjum, að Eglu þessi hagnaðist um tæpa sextán milljarða króna á því einu að hafa óþarfa milligöngu um einkavæðingu Búnaðarbankans, eins og Guðmundur Ólafsson hagfræðingur o.fl. hafa bent á. Það hefði því verið hægt að selja bankann á mun hærra verði en gert var með því að afþakka milligöngu Finns Ingólfssonar, fyrrverandi varaformanns Framsóknarflokksins, og féлага hans. Til að dreifa athygli almennings frá því, sem þarna gerðist, var þýzkum banka,

Hauck & Aufhäuser, blandað inn í málið, eins og nú stæði til að laða erlenda menn að íslenskum bankarekstri, en það stóð aldrei til: þýzki bankinn tók lán í Landsbankanum til að fjármagna sinn hlut í Búnaðarbankanum, eins og fram kemur í greinaflokki Sig-ríðar Daggar Auðunsdóttur blaðamanns hér í blaðinu. Þýzka bankanum var bersýnilega ekki ætlað annað hlutverk en það að láta málið líta betur út.

Í þeim löndum, þar sem fyrirtæki hafa verið færð úr ríkiseigu í einkaeign undanfarin ár, hafa víða verið sett sérstök lög til að tryggja, að einkavæðingin nái tilgangi sínum og rétt verð fáið fyrir eignirnar, og einnig til að girða fyrir mistök eða bæta fyrir þau í tæka tíð. Í slíkri löggjöf eru því gjarnan endurskoðunar-ákvæði til taks, komi t.d. á daginn, að almannahagur hafi verið borinn fyrir borð. Hér hafa engin slík ákvæði verið leidd í lög.

Einkavæðing ýmissa ríkisfyrirtækja og banka er að sönnu nauðsynleg í landi, þar sem ríkisvaldið hefur um langt árabil haft alla þræði atvinnulífsins í hendi sér og haldið aftur af heilbrigðum markaðsbúskap með illum afleiðingum. En ríkisstjórnin hefur haldið illa á einkavæðingunni, enda var varla við öðru að búast, úr því að hún heytist á að koma fiskikvótanum í verð handa réttum eigendum. Fyrir fáeinum misserum sakaði þáverandi forsætisráðgjafi formann framkvæmdanefndar um einkavæðingu um að hafa boðið sér 300 mkr. í mútur. Þessi ásökun dugði þó ekki til þess, að framkvæmdanefndin og störf hennar væru tekin til skoðunar. Var þetta kannski bara business as usual? Ætli Eglu dugi?

Eftir hverju skyldi hún vera að biða þessi þjóð? – sem lætur þvilkt og annað eins yfir sig ganga von úr viti án þess að rísa upp eða rumska. Meira næst. ■

Tveir fyrir einn til

# Prag

9. júní frá kr. 19.990

Síðustu sætin

kr. 19.990 í viku

Flugsæti með sköttum til Prag, 2 fyrir 1 tilboð, út 9. júní, heim 16. júní. Netverð á mann.

Gisting frá kr. 3.400

Netverð á mann í tvíþýli á Hotel Quality, pr. nótt með morgunmat. Völ um góð 3ja og 4 stjórnúna.

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætum til Prag þann 9. júní. Þú bókar 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Nú getur þú kynnst þessari fegurstu borg Evrópu á einstökum kjörum. Þú getur valið um úrval góðra hótél í hjarta Prag og að sjálfsögðu nýtur þú traustrar þjónustu fararstjóra okkar í Prag allan tímann.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri  
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Stytting náms til stúdentsprófs

## Í skólanum er skemmtilegt að vera

Unglingar ættu að fá að vera í skólanum sem lengst og taka út eðlilegan þroska

### LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRN: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRNAR: Sigrún M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRN: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRNAR: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson AUGLÝSINGASTJÓRN: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skatahlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



# Evrópusambandsinnnaður vandræðagangur

**HJÖRTUR J. GUDMUNDSSON**  
SKRIFAR UM REGLUGERÐIR ESB

Upplýst var á Alþingi fyrir skemmstu að við Íslendingar höfum verið að taka upp innan við 6,5% af lagagerðum Evrópusambandsins í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) á þeim rétt rúma áratug sem við höfum verið aðilar að honum. Voru þessar upplýsingar fengnar frá skrifstofu EFTA í Brussel en ljóst er að þær eru í hrópandi mót-sögn við þann áróður sem íslenskir Evrópusambandsmenn hafa haldið að almenningi hér á landi á undanförunum árum þess efnis að umrætt hlutfall væri 70-80% og jafnvel allt

upp í 90%. Hafa þær fullyrðingar verið eitt af lykilatriðunum í áróðri þeirra fyrir því að Ísland ætti að ganga í Evrópusambandið, þ.e. að við værum hvort sem er að taka upp nánast allar lagagerðir sambandsins og gætum því allt eins gengið í það. Nú hefur hins vegar verið sýnt fram á svo um munar að ekki hefur staðið steinn yfir steini í þessum málflutningi. Það hefur annars verið afar fróðlegt, svo ekki sé meira sagt, að fylgjast með neyðarlegum viðbrögðum þeirra forystumanna íslenskra Evrópusambandsmanna sem tjáð hafa sig um þessar nýfengnu upplýsingar. Hafa viðbrögðin helzt einkennst af fálmi og vandræðalegum tilraunum til þess að hanga á einhverjum smá-

atriðum í því skyni að reyna að draga 6,5% töluna í efa. Það er reyndar ekki sama hvaða forystumaður Evrópusambandsinnna á í hlut. Þannig hafa Eiríkur Bergmann Einarsson, fyrrv. stjórnarmaður í Evrópusamtökunum, og Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar, reynt að draga niðurstöðu skrifstofu EFTA í efa á sama tíma og Andrés Pétursson, formaður Evrópusamtakanna, hefur gengið við henni eftir því sem best verður séð. Andrés ritaði grein í Morgunblaðið á dögunum þar sem ekki kom fram neinn efi um það að 6,5% talan ætti við rök að styðjast. Hins vegar vildi hann meina að áhrif þeirra tæplega 6,5% lagagerða Evrópusambandsins,

sem Ísland hefur gengið undir vegna EES-samningsins, skiptu meira máli en hversu hátt hlutfall af heildarlagagerðum sambandsins við hefðum tekið upp. Þarna kveður auðvitað við algerlega nýjan tón í málflutningi Evrópusambandsinnna í þessum efnum sem einmitt hefur hingað til allur snúist um það hversu hátt hlutfallið væri en ekki um vægi einstakra lagagerða. Eins og áður segir hefur tilgangurinn með þeim málflutningi verið sá að telja almenningi á Íslandi trú um að við værum að taka yfir nánast allar lagagerðir Evrópusambandsins í gegnum EES-samninginn og gætum því allt eins bara gengið í sambandið. Einn sjálfskipaði „Evrópusérfræðingurinn“ úr

þeirra röðum gekk jafnvel svo langt hér um árið að segja að Evrópumræðan hér á landi ætti ekki að snúast um það hvort Ísland ætti að ganga í Evrópusambandið heldur hvort það ætti að ganga úr því. En nú hefur sem sagt verið sýnt fram á með afgerandi hætti að þessi ómerkilegi áróður hefur verið algerlega úr lausu lofti gripinn og rúmlega það. Þar með hefur verið gert að engu eitt af lykilatriðunum í málflutningi íslenskra Evrópusambandsinnna og því í sjálfu sér ekki að furða að þeir séu í sárnum.

*Höfundur er stjórnarmaður í Heims-sýn, hreyfingu sjálfstæðisinnna í Evrópumálum, og sagnfræðinemi.*

## Réttlæti og aldraðir

**KARL GÚSTAF ÁSGRÍMSSON**  
SKRIFAR UM LÍFEYRISGREIÐSLUR TIL ALDRAÐRA

Undanfarin misseri hefur farið fram nokkur umræða um málefni aldraðra og hafa stuðningsmenn ríkisstjórnar talað mikið um að vel sé gert að öldruðum og þá sérstaklega við hina lægst launuðu og vitna þar í að tekjutryggingarauki hafi hækkað verulega, sem er rétt, hann hækkaði um 2000 kr. eftir samning 2002, en það gleymist alltaf að segja frá því að þennan tekjutryggingarauka óskertan fengu aðeins 347 manns miðað við 1. des. 2004, og ef menn vinna fyrir nokkrum krónum þá skerðist tekjutryggingaraukinn strax. Er þetta réttlæti fyrir aldraða?

Eldri borgarar, sem eru komnir á eftirlaun, eða við það að komast á eftirlaun hafa alla sína tíð greitt til almannatrygginga án þess að það hafi nokkurn tíma verið dregið frá skatti, verða nú að greiða skatta af grunnlífeyri sem þeir fá frá almannatryggingum.

Þarna eru aldraðir að greiða skatta af endurgreiðslu sem þeir eru að fá og voru búnir að greiða skatta af áður. Þarna er því raunverulega um tvísköttun að ræða. Er þetta réttlæti fyrir aldraða? Þeir eldri borgarar sem fá einhverjar greiðslur úr lífeyrissjóðum, verða að búa við það, að þessar greiðslur hafa áhrif á tekjutryggingu Tryggingastofnunar, að tekjutrygging lækkar í hlutfalli við auknar greiðslur úr lífeyrissjóði, þannig virka auknar tekjur úr lífeyrissjóði, sem lækkan annara tekna. Þá má benda á að hækkan frítekjumarka fylgir ekki kaupgjalds- eða launavísitölu, og skattleysismörk hafa lækkað mikið sem hlutfall að launum frá 1988 er staðgreiðslukerfið var tekið upp. Er þetta réttlæti fyrir aldraða?

Nú eru margir eftirlaunaþegar sem fá greiðslur úr lífeyrissjóðum og eru þessar greiðslur skattlagðar sem launatekjur, sem er alveg furðulegt þar sem vitað er að, um tveir þriðju af útgreiðslum lífeyrissjóða eru vegna vaxta tekna, en ekki beinnar inngreiðslu. Tveir þriðju af lífeyristekjum, eða því sem næst, eiga því að skattleggjast sem fjármagnstekjur en ekki sem venjulegar launatekjur.

Á þetta vill fjármálaráðherra ekki fallast og bendir öldruðum á dómstóla til að fá úrskurð. Ráðherra getur breytt reglugerð og fengið í gegn lagabreytingu mjög fljótleiga til að fá þetta á hreint ef lög og reglugerðir eru það illa úr garði gerðar að menn geta ekki verið sammála. Þetta er sjálfsgott enn ein grein af réttlæti til handa öldruðum.

*Höfundur er ellilífeyrisþegi.*



**Sumarlínan frá  
O'Neill er komin!**

**40% afsl. af sumarlínu 2004**

**- mikið úrval af flottum sundfötum**

**ÚTILÍF**

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.041 +0,01%

Fjöldi viðskipta: 227  
Velta: 2.323 milljónir

## MESTA HÆKKUN

HB Grandi 2,94%  
SÍF 2,41%  
Bakkavör 1,14%

## MESTA LÆKKUN

Flaga -1,22%  
Tryggingamiðstöðin -0,95%  
Burðarás -0,68%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,30 -0,49% ... Atorka 5,94 -0,34% ... Bakkavör 35,60 +1,14% ... Burðarás 14,60 -0,68% ... FL Group 14,40 -0,35% ... Flaga 4,87 -1,22% ... Íslandsbanki 13,40 +0,37% ... KB banki 528,00 - ... Kögun 60,80 -0,33% ... Landsbankinn 16,40 - ... Marel 56,50 +0,36% ... Og fjarskipti 4,04 -0,25% ... Samherji 12,10 - ... Straumur 11,80 - ... Össur 76,50 -0,65%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn...

## Mikið tap á Magasin

Danir hafa ekki tekið íslenskum fjárfestum opnum örmum og eru þeir ósparir á gagnrýni í garð íslendinga. Íslendingar sem eiga viðskipti í Danmörku þurfa oft að svara gagnrýni og rangfærslum Dana um íslenskt viðskiptalíf og hversu ótraustum fótum það standi. Danir gráta því örugglega ekki aukið tap Magasin á síðasta ári. Í danska viðskipta- blaðinu Börsen segir að Magasin bjóði eigendur sína velkomna með tvöfalt meira tapi en árið áður. Haft var eftir Hreiðari Má Sigurðssyni, forstjóra KB banka, á RÚV í gær að KB banka hefði verið vel tekið eftir kaupin á FIH en það hefði breyst eftir kaup Baugs á Magasin du Nord. Einnig birti RÚV viðtal við danskan viðskipta blaðamann sem rifjaði upp þegar óðaverð- bólgna ríkti á Íslandi og krónan var felld á tveggja vikna fresti. Færri vissu hversu miklar framfarir hefðu átt sér stað síðan.

## Fylgst með einkavæðingarumfjöllun

Á vef Iceland Review er daglega að finna hinar ýmsu fréttir af Íslandi og mun vefurinn vera mjög mikið lesinn af erlendum áhugamönnum um land og þjóð og ekki síður þeim sem búa hér á landi en eiga hægara með að lesa ensku en íslensku. Á þriðjudag birtist myndarleg úttekt á vefnum þar sem farið var í saumana á greinarflokki Sigríðar Daggar Auðunsdóttur í Fréttablaðinu um einkavæðingu ríkisbankanna. Úttektin á Iceland Review er ansi ítarleg og gefur erlendum áhugamönnum um íslenskt viðskiptalíf vafalaust verulega innsýn í samspil stjórnmála og viðskipta. Nú þegar íslenskir at- hafnamenn eru orðnir svo umsvifamiklar að ef Íslendingur sést í Lundúnum eru hann umsvifa- laust grunaður um að ætla að kaupa stórfyrir- tæki er líklegt að útlenskir blaðamenn taki þessum skrifum Iceland Review fegins hendi þegar þeir vilja koma sér inn í mál hinna kaup- glöðu víkinga úr norðri.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Patricía Kap og Vito Kap seldu í gær ríflega tuttugu milli- ónir hluta í Flögu í gær á genginu 6,0. Gengi félagsins í gær var 4,87 en salan er í samræmi við sam- ning sem gerður var í fyrra.

Yfirtökutilboð KB banka í Singer & Friedlander hefur verið framlengt til 14. júní.

Greiningardeild KB banka spáir því að verðbólgan í ár verði 3,8 prósent en tólf mánaða verð- bólgna ná lágmarki í næsta mánuði og verði þá 2,4 prósent. Greiningardeild Landsbankans spáir 3,3 prósent verðbólgu í ár.

Úrvalsvísitalan lækkaði í maí mánuði eftir að hafa hækkað stöðugt fyrstu fjóra mánuði árs- ins. Lækkunin í maí var 1,66 pró- sent. Þetta kom fram í Hálf fimm fréttum KB banka.

## Fasteignafé- lag hagnast

Eignarhaldsfélagið Fasteign skilaði um 120 milljóna króna hagnaði á síðasta ári. Eignir fyrirtækisins voru 8,3 milljarðar og eigið fé nam 1,6 milljörðum króna.

Stjórn félagsins ákvað að helmingur af hagnaðinum rynni til eigenda í formi arðs.

Félagið er að stærstum hluta í eigu Íslandsbanka og Reykjanes- bæjar, sem hvor um sig á 35 pró- sent, en aðrir eigendur eru meðal annars Vestmannaeyjabær (12 prósent), Garðabær (8 prósent) og Sandgerðisbær (6 prósent).

Eignir félagsins eru til dæmis höfuðstöðvar Íslandsbanka við Kirkjusand, Sjólandsskóli í Garðabæ og nýja Íþróttaka- demían í Reykjanesbæ, auk fjöl- margra fasteigna í sveitarfélög- um um allt land.

## Spár sjaldan á pari

Spár KB banka um af- komu á fyrsta ársfjórð- ungi voru oftast lengst frá hagnaði. Spár Íslands- banka og Landsbanka jafnoft lengst frá hagnaði.

Greiningardeildir bankanna spáðu fyrir afkomu 13 fyrir- tækja á fyrsta ársfjórðungi og í sex tilvikum var greiningar- deild KB banka lengst frá réttari niðurstöðu.

Bæði greiningardeild Íslands- banka og Landsbanka voru í fjórum tilvikum lengst frá hagnaði.

Hagnaður Landsbankans var lengst frá spám en hann skilaði rúmlega 800 milljónum krónum meira í hagnað en spáð var. Hagnaður Íslandsbanka var

lengst undir spám, spár gerðu ráð fyrir tæplega fjórum milli- jörðum króna en bankinn skilaði rúmlega þremur milljörðum króna.

Taka verður tillit til þess að aðeins tveir bankar spá fyrir um hagnað bankanna.

Hlutfallslega voru spár um hagnað FL Group lengst frá hagnaði félagsins á fyrstu þrem- ur mánuðum ársins. FL Group var spáð tapi en hagnaðist um 25 milljónir.

Sjú fyrirtæki voru yfir með- altalsvæntingum greiningar- deilda og sex voru undir.

Þegar frávik spánna eru skoðuð hlutfallslega þá kemur í ljós að spár Íslandsbanka voru næst hagnaði fyrirtækjanna en KB banki var lengst frá.

dogg@frettabladid.is


SPÁR OFT LANGT FRÁ HAGNAÐI Greiningardeild Íslandsbanka var nákvæmari en hinar í spám um hagnað fyrirtækja á markaði á fyrsta ársfjórðungi.

## HAGNAÐUR OG SPÁ GREININGARDEILDA BANKANNA

	Hagnaður*	Spá Íslandsb.	Spá Landsb.	Spá KB banka
KB banki	11.439	11.270	11.300	-
Landsbanki Íslands	6.045	5.296	-	5.070
Burðarás	4.619	5.384	4.820	4.297
Straumur fjárf.banki	4.577	3.132	4.460	5.265
Íslandsbanki	3.038	-	3.470	4.385
Samherji	676	438	675	557
Og fjarskipti	199	223	34	145
Kögun	105	145	155	255
FL Group	25	-11	-34	-226
Actavis Group í milljónum evra	11,1	15,2	16,9	13,8
Bakkavör Group í milljónum punda	4,2	4,5	3	3,6
Össur (í milljónum dollara)	3,2	3,6	3,8	3,8
Marel (í milljónum evra)	1,8	1,8	1,9	1,95

\*í milljónum króna nema annað sé tekið fram

## GULLMOLINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



- Tilboðsfrestur 03. júní
- Tilboðsfrestur útrunninn, var 20. maí

BORGIR

EIGNAMIDLUN

23 lóðir í Akrahverfi, Garðabæ.

Byggingarhæfar á haustmánuðum 2005.

Tilboðum skal skila eigi síðar en föstudaginn 3. júní kl. 15:00

ATH.  
Lokafrestur rennur út á morgun kl. 15:00

**Paris** hornsófi, margir litir



Vaxtalaust 12 mán. tilboð  
**15.999** kr á mánuði \*  
fullt verð 191.988kr

**Verona** leðursófasett 3+1+1



Vaxtalaust 12 mán. tilboð  
**11.999** kr á mánuði \*  
fullt verð 143.988kr

**Roma** sófasett 3+1+1



Vaxtalaust 12 mán. tilboð  
**14.999** kr á mánuði \*  
fullt verð 179.988kr

**Nice** sófasett 3+1+1

Gildir á meðan birgðir endast.

\*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innfalið.

**HAGKAUP**

Skemmtilegast að versla



**ÞÚ VEIST HVERNIG ÞETTA ER AUKASÝNING Í KVÖLD!**

■ Stóra sviðið kl. 20.00  
**ÞÚ VEIST HVERNIG ÞETTA ER** - Stúdentaléikhúsið. Áhugaleiksýning ársins.  
**Aukásýning. í kvöld fim. 2/6 nokkur stæði laus. Allra síðasta sýning.**  
**DÍNAMÍT** - Birgir Sigurðsson  
 9. sýn. fös. 3/6 **nokkur sæti laus**, 10. sýn. lau. 11/6. **Síðustu sýningar.**  
**ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA** - Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur  
 Lau. 4/6 **örfá sæti laus**, fös. 10/6 **nokkur sæti laus. Síðustu sýningar.**  
**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.  
 Sun. 5/6 kl. 14:00 **nokkur sæti laus. Síðasta sýning í vor.**

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00  
**RAMBÓ 7** - Jón Atli Jónasson  
 Fös. 3/6 **nokkur sæti laus**, lau. 4/6 **nokkur sæti laus**, fös. 10/6.

■ Valaskjálfi, Egilsstöðum  
**EDITH PIAF Á AUSTURLANDI** - söngdagskrá úr samnefndum söngleik  
**í kvöld fim. 2/6 kl. 20:00 örfá sæti laus.** Miðasala á Bókasafni Héraðsbúa og við innganginn. Opíð alla virka daga frá kl. 14-19. Sími: 471 1546.

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: [midasala@leikhusid.is](mailto:midasala@leikhusid.is) Vefang: [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)  
 Opíð kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.  
 Þjóðleikhúsið sími 551-1200

**Avaxtakarfan**  
 I AUSTURBÆ

**Birgitta**  
 Gæða Gærot

...Ef horft er á í réttu ljósi hve lifið er stutt og lukkan svo hverful og smá. Ef horft er á í réttu ljósi. Hver dagur er gjöf, svo margt sem að hægt er að sjá...

SPARISJÓÐUREINN IsMedia

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18 pantanir í síma 551 4700 [www.avaxtakarfan.is](http://www.avaxtakarfan.is)

Laugardagur 4. Júní kl: 11:30 Ath! Breytur sýningartími [www.midi.is](http://www.midi.is)

**BORGARLEIKHÚSIÐ**  
 Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

**STÓRA SVIÐ**

**99% UNKNOWN - Sirkussýning**  
 CIRKUS CIRKÖR frá SVÍPÍÓÐ  
 Þri 14/6 kl 20, Mi 15/6 kl 20, Fi 16/6 kl 20, Fö 17/6 kl 20 **Aðeins þessar sýningar**

**25 TÍMAR**  
 Dansleikhúsið / samkeppni LR og Íd í samstarfi við SPRON. Fi 9/6 kl 20 - 2.500,-  
**Einstakur viðburður**

**ÞUMALÍNA**  
 Frá Sólheimaleikhúsinu  
 Í kvöld kl 20 - 1.000,-

Miðasölusími 568 8000 [midasala@borgarleikhus.is](mailto:midasala@borgarleikhus.is)  
 Miðasala á netinu [www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is) Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudag

**KALLI Á ÞAKINU**  
 e. Astrid Lindgren  
 Í samstarfi við Á þakinu  
 Lau 4/6 kl 14 **UPPS.**, Su 5/6 kl 14 - **UPPS.**, Su 12/6 kl 14 **UPPS.**, Su 12/6 kl 17, Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14 - **UPPS.**, Su 26/6 kl 14

**NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRÍJJA HÆÐIN**  
**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**  
 Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.  
 Í kvöld kl 20 **UPPS.**, Fö 3/6 kl 20, Lau 4/6 kl 20, Su 5/6 kl 20, Fi 9/6 kl 20, Fö 10/6 kl 20, Lau 11/6 kl 20, Fi 16/6 kl 20  
**Aðeins 2 sýningarhelgar eftir**

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna - gildir ekki á barnasýningar**



**HELGI Á MOKKA** Helgi Sigurðsson, skopteiknari Fréttablaðsins, er með sína sjöundu einkasýningu á Mokka við Skólavörðustíg.

## Brýst úr viðjum auglýsinganna

„Maður er svona laumufarþegi á Listahátíð,“ segir Helgi Sigurðsson teiknari og hönnuður, sem lætur ekki hátíðina í Reykjavík aftra sér frá því að vera með sýningu á Kaffi Mokka við Skólavörðustíginn.

Helgi ætti að vera lesendum Fréttablaðsins að góðu kunnur, því hann er teiknari blaðsins. Eftir hann eru andlitsteikningar sem sjá má á víð og dreif um blaðið, myndirnar af manni vikunnar og myndirnar sem birtast með Tíðarandanum, pistli Sigmundar Ernís í helgarblaðinu.

Á Mokka sýnir Helgi litríkar og glaðlegar myndir sem eru gerðar í tölvu og prenaðar á há-

gæða ljósmyndapappír. Þær eru flóknar í byggingu, hver mynd er samsett úr tveimur eða fleiri myndum sem blandast saman með ýmsum hætti.

„Þær mynda heild hver um sig, en samt er brjálæðislega mikið að gerast í þeim. Að vissu leyti er þetta ádeila á þessa brjáluðu fjölmölatíma sem við lifum á, þar sem allir þurfa að gera allt í einu og þurfa að gera allt fullkomlega pottþétt.“

Heiti sýningarinnar er Multimania, en undirtitillinn er Lorem Ipsum Graphis Egoic.

„Lorem Ipsum er gervitextinn sem áður var oft settur inn í umbroti, til dæmis þegar verið var að

brjóta um blað á hugmyndastigi. Seinni orðin tvö bjó ég svo bara til, þau eru eins og bull.“

Helgi er lærður myndlistarmaður en hefur lengi starfað sem auglýsingateiknari og hönnuður, og víða komið við í þeim bransa eins og sjá má á vefsíðu hans [www.hugverka.is](http://www.hugverka.is)

„Maður þjálfast mikið í ákveðnum vinnubrögðum í auglýsingunum, en hér á þessari sýningu reynir maður að brjótast svólíti út úr þeim heimi. Hins vegar er ég ekkert að takast á við einhverjar frumtilfinningar eða krafta heldur er þetta bara leikur. Ég er bara að búa til augnakonfekt.“ ■

### LISTAHÁTÍÐ

## Gústi trúður á Hafnarbakknum

Trúðurinn Gústi hefur nú gert sig heimakominn við hafnarbakkann í Reykjavík í stærðarinnar sirkustjaldi. Franski sirkusinn Cirque frumsýnir í kvöld sýninguna Saga Gústa á vegum Listahátíðar, Hátíðar hafsins og Símans, en hópurinn hefur ferðast um heiminn allan og er Ísland síðasta stopp hans með þessa sýningu.

Cirque fléttar sjónhverfingum, loftfímleikum og öðrum sirkusatriðum inn í sögu bandaríska leikritaskáldsins Henry Miller, „The Smile at the Foot of the Ladder“. Sýningin segir á nýstárlegan og fallegan hátt frá leit trúðsins Gústa að hamingjunni og sjálfum sér. Cirque er svokallaður nýsirkus því engin dýr eru meðferðis en þeim mun meiri áhersla lögð á leiksýningu með listrænt gildi. Sirkushópurinn er skipaður fjórum listamönnum sem búa í Frakklandi.

Í tengslum við sýninguna var á miðvikudag efnt til sirkusskóla fyrir börn sem einnig verður



**LÍNUDANS** Uppselt er á frumsýninguna í kvöld en sýningar verða einnig 4., 5. og 6. júní kl. 20.00.

opinn á föstudag. Börn á aldrinum níu til fjórtán ára geta skráð sig og lært ýmis sirkusbrögð, svo sem línudans og „juggling“ með

bolta og keilur, ásamt sirkustónlist og trúðsleik. Skráning fer fram í miðasölu Listahátíðar og kostar þáttakan 6.000 krónur. ■

**Avaxtakarfan**

Seinustu sýningar fyrir sumarfrí

Laugardagur 4. Júní kl: 11:30 (Hádegissýning)  
 Laugardagur 11. Júní kl: 13:30  
 Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18 pantanir í síma 551 4700

IsMedia SPARISJÓÐUREINN

[www.ismedia.is](http://www.ismedia.is) [www.midi.is](http://www.midi.is) [www.avaxtakarfan.is](http://www.avaxtakarfan.is)



■ TÓNLEIKAR

# Sálmar og sígaunastuð

Þær Svava Kristín Ingólfssdóttir mezzosópran og Antonía Hevesi organisti halda óhefðbundna tónleika á þjóðlegum nótum í Hafnarfjarðarkirkju. Tónleikarnir eru liður í menningarhátíðinni Björtum dögum í Hafnarfirði. Á efnisskrá tónleikanna eru kirkjuleg lög, ástarlög, barnagælur, draugalög og allt þar á milli.

„Við ætlum að byrja á íslenskum þjóðlögum, rólegum lögum í sálmadúr og verðum svolítið þjóðlegar í klæðaburði líka. Síðan ætlum við að enda á tveimur óperettuaríum í sígaunadúr sem eru

með öllu meiri blóðhita og meira raddsviði,“ segir Svava Kristín.

„Syngjandi sumar“ er yfirskrift tónleikanna, sem eru í umsjón Antoníu Hevesi. Síðar meir verða aðrir tónleikar undir þessari yfirskrift á Björtum dögum þar sem Samúel Samúelsson úr Jagúar spilar á básúnu en Antonía leikur með á píanoíð.

Tónleikar þeirra Svövu og Antoníu í kvöld hefjast klukkan átta og eru í boði kirkjunnar. Aðgangur er ókeypis, en séra Þórhallur Heimisson notar tækifærið og heldur stutt bænastund á undan tónleikunum. ■



SVAVA KRISTÍN INGÓLFSSDÓTTIR Syngur á Björtum dögum í Hafnarfjarðarkirkju í kvöld.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ						
30	31	1	2	3	4	5

Fimmtudagur

■ TÓNLEIKAR

- 19.30 Víóluleikarinn og hljómsveitarstjórinn **Yuri Bashmet** kemur fram ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum Listahátíðar í Háskólabíói.
- 20.00 Hljómsveitin **Espacio** heldur tónleika í Salnum í Kópavogi. Þau **Jón Sigurður Eyjólfsson**, **Pétur Valgarð Pétursson**, **Aðalheiður Þorsteinsdóttir**, **Gísli Magnason**, **Cheick Bangoura**,

**Gunnar Þorsteinsson** og **Georg Bjarnason** flytja tónlist með rýpma Miðjarðarhafnsins við ljóð Jóns úr Vör, Ísaks Harðarsonar, Egíls Skallagrímssonar, León Salvatierra og Carlos Martínez Aguirre.

- 20.00 **Svava Kristín Ingólfssdóttir** mezzosópran og **Antonía Hevesi** organisti halda óhefðbundna tónleika á þjóðlegum nótum í boði Hafnarfjarðarkirkju.
- 20.30 Hljómsveitin **Uhu** á Ömmukaffi.
- 22.00 **Kvartett Eyjólfssonar** spilar djass á Pravda. Eyjólfur leikur á saxofón og með honum spila **Ómar Guðjónsson** á gítar, **Pétur Sigurðsson** á bassa og **Scott McLemore** á trommur.

■ LEIKLIST

- 20.00 Nemendur í bekk 9U í Laugarlækjarskóla sýna leikritið **Villisvanirnir** á dönsku í sal skólans. Sýningin er byggð á ævintýri eftir H.C. Andersen. Bekkurinn er á förum til Danmerkur með leikritið.

**GERÐUBERG**

**Stefnumót við safnara II**  
Dúkkullisur, kaffikönnur, skrýtnir minjagripir, ælupokar og margt fleira!  
Ókeypis aðgangur!

**Lóa Guðjónsdóttir**  
sýnir vatnslita- og olíuverk í Boganum

Sýningar eru opnar virka daga frá kl. 11-17. Lokað um helgar.  
[www.gerduberg.is](http://www.gerduberg.is)

Senukunstnerinn í samstarfi við Hafnarfjarðarleikhúsið kynnir:

**Móðir mín Dóttir mín**  
eftir Ingibjörgu Reynisdóttur  
leikstjóri: Eline McKay · Tónlist: Ragnheiður Gröndal

Frum sýning	1 júní, Kl. 20:00
Fimmtudaginn	2 júní, Kl. 20:00
Föstudaginn	3 júní, Kl. 20:00
Laugardaginn	4 júní, Kl. 20:00
Sunnudaginn	5 júní, Kl. 20:00
Fimmtudaginn	16 júní, Kl. 20:00

Miðasala í Hafnarfjarðarleikhúsinu.  
Opíð alla virka daga frá kl. 16-19 og 16-20 sýningardaga.  
Sími í miðasölu 555-2222, Miðaverð 1.600 kr.

- 20.00 Sólheimar fagna 75 ára afmæli. Af því tilefni efir **Sólheimaleikhúsið** efir til hátíðarsýningar á aðalsviði Borgarleikhússins í tilefni af 75 ára afmæli Sólheima. Sýnt verður leikritið **Ævintýri Þumalínu**, byggt á ævintýri eftir H.C. Andersen. Leikstjórn og leikgerð er eftir **Ásu Hlín Svavarsdóttur**.

■ LISTAHÁTÍÐ

- 17.00 Franski sirkusinn **Cirque** sýnir á Hafnarbakknum Reykjavík.
- Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

**KRINGLUKRÁIN**

Upplýfting með dansleik um helgina

- Sérreittamatseðill
- Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
- Hópmatseðill

Borðapantanir í síma 568 0878 [www.kringlukrain.is](http://www.kringlukrain.is)

**RAMBÓT**  
...ertu með?

HJÓÐLEIKHÚSIÐ

Ráðstefna 10. júní 2005

**Dómaframkvæmd Evrópudómstólsins í Luxemborg á sviði vörumerkjaréttar**

Ráðstefna um dómaframkvæmd Evrópudómstólsins í Luxemborg á sviði vörumerkjaréttar á vegum Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík þann 10. júní 2005

Dagskrá:

09:00 - 09:30	Skráning
09:30 - 09:45	Peter Dyrberg forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar og Member of the Second Board of Appeal, the European Union's Trade Mark and Design Office, Alicante, Spain setur ráðstefnuna
09:45 - 10:30	Registrability of trade marks I - absolute grounds for a refusal to register: the general line from the Windsurfing Chiemsee ruling to the Postkantoor ruling and the means to overcome objections to registration. Cristina Meca Castany, Senior Examiner, European Union's Trade Mark and Design Office, Alicante, Spain.
10:30 - 10:45	Umræður og spurningar
10:45 - 11:00	Kaffihlé
11:00 - 11:45	Registrability of trade marks II - focus on non-word marks. Cristina Meca Castany
11:45 - 12:00	Umræður og spurningar
12:00 - 13:15	Matarhlé
13:15 - 14:00	Likelihood of confusion and other relative grounds for refusal I Solvár Winnie Finnanger, Legal Advisor, Norwegian Trade Mark Office, Oslo, currently seconded to the European Union's Trade Mark and Design Office, Alicante, Spain
14:00 - 14:15	Umræður og spurningar
14:15 - 15:00	Likelihood of confusion and other relative grounds for refusal II Solvár Winnie Finnanger
15:00 - 15:15	Umræður og spurningar
15:15 - 15:30	Kaffihlé
15:30 - 16:15	Exhaustion of trade mark rights Peter Dyrberg
16:15 - 16:30	Umræður og spurningar
16:30	Ráðstefnulok

Verð: kr. 20.000.-  
Staður: Háskólinn í Reykjavík, Ofanleiti 2 - Stofa 201  
Skráning hjá Jónu K. Kristinsdóttur í síma 599 6407 eða á netfangið [jonak@ru.is](mailto:jonak@ru.is) fyrir 8. júní nk.

EINKALEYFASTOFAN

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

**NASA**  
FÖSTUD. 03. 06. '05

**SÁLIN**  
STÓRDANSLEIKUR

1500 KALL INN Í FORSÖLU  
FORSALA Á FÖSTUD. FRÁ KL. 13 TIL 17  
MIÐAVERÐ V. INNGANG 1900 KR.  
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00

LAUGARD. 04. 06. '05

**HJÁLMAR**  
TÓNLEIKAR  
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00  
500 KALL INN

NÁNARI UPPLÝSINGAR  
**NASA.IS**  
HAF HEN INLENDINGUM  
FINNVIÐ SKENNTILGÁSTAF AN BIRNINGA





**VEITINGASTAÐURINN**  
**KAFFIHÚSIÐ IÐNÓ**  
VONARSTRÆTI 3, 101 REYKJAVÍK

## Gamaldags og huggulegt

### Hvernig er stemningin:

Það er gaman að fá sér kaffi og með því á kaffihúsinu í Iðnó. Þegar vel viðrar er hægt að fá sér sæti úti, njóta sólarinnar og horfa á fuglalíf. Þegar rignir má hins vegar ylja sér við kaffisopa og skoða listsýningar á staðnum. Núna stendur yfir sýning á verkum Ilmar Stefánsdóttur.



**Vinsælast:** Kjúklingasalatið og vöflurnar eru vinsælastar á matseðlinum. Vöflurnar koma bæði hefðbundnar með rjóma og sultu og með Romanoff-rjóma sem er sýrður rjómi með Cointreau-likjöri og súkkulaðibitum ásamt ferskum jarðaberjum.

**Réttur dagsins:** Réttur dagsins breytist frá degi til dags.

**Matseðillinn:** Það eru finar veitingar á kaffihúsinu í Iðnó. Þar er boðið upp á bæði mat og sætindi. Ferskt salat með tandoori-kjúklingalundum og fiskisúpa smakkast vel ásamt heimsins bestu súkkulaðiköku, vöflum með Romanoff-rjóma og ferskum jarðaberjum ásamt hinum ýmsu kaffitegundum.

## FINLANDIA: Ferskir og fljótlegir

Það þarf ekki að vera svo flókið að búa sér til ferskan sumardrykk. Finlandia Cranberry er gott dæmi um það. Finlandia Cranberry vodka jökulkalt beint úr frysti og hellt í hátt glas. Síðan bætt við nokkrum klökum og einni límónusneið og fyllt upp eftir smekk með tónik, Sprite eða kolsýrðu vatni.

Annar einfaldur og fljótlegur er Finlandia Lime.

**FINLANDIA LIME:**  
3 cl Finlandia Vodka Lime  
9 cl Sprite  
Limesneið



Náðu þínum hlut í ferðaveltu sumarsins

**Sérblað um Austurland 9. júní**

Þann 9. júní fylgir Fréttablaðinu blað um Austurland og þá fjölbreyttu ferðamöguleika sem þar bjóðast.

Þeir sem vilja auglýsa í þessu blaði er bent á að hafa samband við Hinrik Fjeldsted í síma 515 7592 eða hinrik@frettabladid.is

**FRÉTTABLAÐIÐ**



Jakob Magnússon starfaði sem kokkur og kann því réttu handtökin í eldhúsinu.

## Eðalkjúklingur Jakobs

Jakob Magnússon, framkvæmdastjóri samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, nefnir fyllt kjúklingalæri sem sinn upphaldsmat. Jakob er ekki alls ókunnugur matargerð enda með meistaraþéttinni í matreiðslu. Því er forvitnilegt að fræðast aðeins um eldamennsku hans en eins og uppskriftin ber glögglega merki er hér vanur maður á ferð. Jakob segist oftast sjá um að elda á sínu heimili og áhuginn kviknaði snemma. Hann eldar oftast ítalskan mat en spurður að því hvað hann myndi aldrei elda er hann ekki lengi að svara því að það sé saltað hrossakjöt.

Fyllt kjúklingaupplæri soðin í Chianti-rauðvíni borin fram á beði af tagliatella pasta.

### Uppskrift:

1/2 bolli brauðmýlsna (nýtt brauð sett í matvinnsluvél)  
3/4 bolli af ferskum rífnum Parmesan  
1/2 bolli af skalottlauk (fint saxaður)  
1 egg  
6 msk. fersk steinselja, söxuð  
3 tsk. ferskt timjan  
1/2 tsk. salt  
1/2 tsk. svartur pipar (nýmalaður)  
3-4 msk. ólífuoía  
1/2 bolli beikon skorið í bita (nokkuð fina)

1/1 bolli laukur, fint saxaður  
6-8 hvítlausrif  
1 flaska Chianti-rauðvín  
2-3 bollar kjúklingasoð (2 kjúklinga-teningar soðnir í vatni)  
1 dós (750 ml) Hunt's Italian Sausage  
spaghettisósa  
1 msk. þurrkað basil  
1 lárvíðarlauf  
8-10 kjúklingaupplæri  
500 g Tagliatella pasta ferskt

### Aðferðin:

Fylling, takið Hunt's sósuna og sigtið ítölsku kjötbitana frá úr sósunni og blandið saman við fyrstu 9 hráefnin á listanum þannig að úr verði þétt og góð fylling. Úrbeinið kjúklingalærin varfærnislega þannig að þau séu nokkuð heilleg og takið skinnið af. Setjið síðan fyllinguna í sárin eftir beinin ca. 1 og 1/2 til 2 msk. í hvern legg. Vefjið síðan saman með rúllupylsugarni þannig að fyllingin haldist nokkuð vel inni. Salti og piprið vel. Notið nokkuð djúpa og stóra pönnu. Steikið beikonið í smá olíu á miðlungshita þar til ljósbrúnt og fitan vel bráðnuð. Setjið beikonið á eldhúsrúllubréf til þerris. Bætið matskeið af olíu út á

pönnuna/beikonfituna og brúnið kjúklingalærin vel á öllum hliðum ca 8-10 mín, færið síðan lærin af pönnunni á disk og látið bíða. Setjið laukinn og hvítlaukinn á pönnuna og steikið þar til gullið og bætið þá beikoninu aftur á pönnuna. Tæmið flösku af Chianti á pönnuna yfir laukinn og beikonið, sjóðið niður ca. um helming í 8-12 mín. Bætið kjúklingasoðinu, spaghettisósunni, basil og lárvíðarlaufinu og sjóðið í ca 5-10 mín. Setjið kjúklingalærin út í og sjóðið við vægan hita í ca 25-30 mín án þess að hylja pönnuna. Takið lærin úr sósunni og fjarlægjið rúllupylsugarn varlega af lærunum og setjið til hliðar (haldið heitu). Sjóðið sósuna niður þar til hún er hæfilega þykk ca. 10-15 mín. Bragðbætið með salti og pipar. Í millitíðinni sjóðið pastað þar til það er hæfilega soðið og sigtið. Setjið pastað á stóra og hæfilega djúpa skál/fat ca 7-10 cm djúpt, raðið kjúklingalærunum fallega ofan á pastað, hellið ca 3/4 af sósunni yfir og stráið ferskri saxaðri steinselju yfir til skrauts. Verði ykkur að góðu. ■



**MATGÆÐINGURINN JÓHANN G. JÓHANNSSON, LEIKARI OG SJÓNVARPSMAÐUR**

## Erfði hæfileika mömmu í sósugerð

### Hvaða matar gætir þú síst verið án?

Ég gæti síst verið án kjúkling. Ég nota hann rosalega mikið við matargerð.

### Fyrsta minningin um mat?

Ég veit ekki hvort það er fyrsta minningin, en sterkasta minningin er grænn frostpinni. Ég fékk alltaf grænan frostpinnu eftir mat um helgar á meðan Prúðuleikararnir voru sýndir í sjónvarpinu.

### Besta máltíð sem þú hefur fengið?

Það er engin ein máltíð, en jólamaturinn hennar mömmu stendur upp úr. Svínabógur með puru, rauðkál, brúnaðar kartöflur og sósan sem hún gerir.

### Er einhver matur sem þér finnst vondur?

Já, það er ýmislegt. Mér finnst þorramatur, að minnsta kosti sá sem ég hef þorað að smakka, mjög vondur. Svo borðaði ég bara hvítan fisk þegar ég var yngri en nú er ég farinn að prófa



fleiri tegundir og er að þroskast í þeirri deild.

### Leyndarmál úr eldhússkápnun?

Já, en ég segi ekki hver þau eru því þá yrðu þau ekki leyndarmál lengur. Ég nota til dæmis sérstaka aðferð við að sjóða upp sósu. en mér finnst mjög gaman að gera sósur og erfði þann eiginleika frá mömmu.

### Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?

Grænmeti. Ég er ekki alveg nógu duglegur að borða það en mér líður alltaf vel af því. Þegar ég fæ mér grænmeti finnst mér best að fá mér grískt salat með fetastí, tómötum, ólífum, miklum lauk, olíu og salti. Ég er ekki mikið fyrir kálhousa eina og sér.

### Hvað áttu alltaf í ískápnun?

Mjól.

### Ef þú yrðir fastur á eyðeyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?

Annað hvort indverskan eða kínverskan kjúklingarétt.

### Hvað er það skritnasta sem þú hefur borðað?

Ég er svolitill gikkur og er ekkert fyrir að smakka undarlegan mat. Ætli það skritnasta sé ekki bara hákarl en ég hef smakkað hann einu sinni og fannst hann ekki góður.



Viskíkyrning hjá William Grant:

# Danskur viskísendiherra

Fyrir nokkrum vikum stóð viskíframleiðandinn William Grant og synir fyrir einkar áhugaverðri og virðulegri viskíkyrningu í samvinnu við breska sendiráðið. Þar var í aðalhlutverki „viskísendiherra“ William Grant, Daninn Jens Tholstrup, sem ferðast um allan heim og kynnir viskí. Tholstrup hefur starfað hjá Grant's lungann af starfsferli sínum, byrjaði sem leiðsögumaður í brugghúsinu og vann sig upp í eina æðstu stöðu innan fyrirtækisins. Tholstrup er mikið séntilmenni og vakti athygli hversu vel hann talaði um aðra framleiðendur og nefndi ófá dæmi um það sem honum þykir vel gert í framleiðslu.

Tholstrup kynnti fjölmörg athyglisverð viskí; hið kunna blandaða viskí frá Grant's og árgangsviskí frá Glenfiddich og Balvenie. Mikla athygli vöktu viskí sem þroskuð eru í rommtunnum eins og hið 21 árs gamla Glenfiddich Gran Reserva, og í sérrítunnum eins og hið 15 ára gamla Glenfiddich Solera Reserve.



**VISKÍSENDIHERRANN** Daninn Jens Tholstrup ferðast um allan heim og kynnir viskí frá William Grant.

## Fjölskyldufyrirtæki frá upphafi

William Grant og synir er eitt elsta viskíhús Skota, en árið 1886 stofnaði Grant The Glenfiddich Distillery í bænum Dufftown á vesturströnd Skotlands. Dufftown er í hjarta skosku hálandanna, á svæði sem heitir Speyside og er eitt þekktasta viskíframleiðslusvæði Skotlands. Grant-fjölskyldan hefur haldið um stjórnartaumana óslitið frá upphafi, nú stýrir fimmti ætliðurinn fyrirtækinu og heldur fast í gamlar hefðir. „Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að vera fjölskyldufyrirtæki sem byggir á fornum hefðum og heldur fast í þær. Við höfum engan áhuga á að stækka neitt óskaplega og útþynna vörulínu okkar, eins og tilhneigingin væri ef við værum almenningshlutafélag sem hefði eingöngu hagnað að markmiði. Grant's er íhaldssamt fyrirtæki sem veit að á endanum eru það gæðin og ekkert annað sem tryggir okkur viðskiptavinum sem halda tryggð við okkur árum og áratugum saman,“ segir Tholstrup.

„Það eru fá fjölskyldufyrirtæki eftir í viskíframleiðslu og við höfum margrekið okkur á að fólk trúir því ekki almennilega að við búum viskí okkar til í gamla brugghúsinu á hinn hefðbundna hátt þar sem handverkið er í hávegum haft og vélarnar koma eins lítið við sögu og mögulegt er. William Grant hefur mikla sögu að segja og því

höfum við brugghús okkar ævinlega opið fyrir gesti og gangandi og erum með 45 leiðsögumenn í vinnu til að lóða fólk um þessa merkilegu eign.“

## Vinsælasta maltviskí veraldar

William Grant var fyrsta fyrirtækið til að setja maltviskí á almennan markað utan Skotlands, hið heims kunna viskí Glenfiddich sem er mest selda maltviskí veraldar. „Mestallt viskí sem er framleitt er blandað viskí, oft frá ýmsum brugghúsum. Betri brugghúsin höfðu hins vegar alltaf búið til gæða maltviskí en þau fengust ekki utan Skotlands fyrr en við settum Glen-

fiddich á markaðinn árið 1963. Það þótti ákaflega djárfur leikur en það reyndist svo sannarlega markaður fyrir gæðaviskí í heiminum. Við höfum í gegnum árin fært okkur æ meira í að framleiða eingöngu há-gæðaviskí. Við eigum mesta úrval allra framleiðanda af sjaldgæfu gæðaviskí, allt að 64 ára gömlu, og stundum búum við til sérútgáfur til hátíðarbrigða, t.d. fyrir danska krónprinsinn í brúðkaupi hans í fyrri. Við bjuggum til 270 flöskur fyrir gestina og einhverjir hafa ákveðið að maka krókinn á gjöf prinsins og auglýst viskíið til sölu á eBay þar sem hver flaska hefur selst á um 300.000 krónur!“

Hér á landi fæst mikið úrval viskía frá Grant's. Í Vínbúðum kostar 700 ml Grant's Whiskey 3.590 kr. en það fæst einnig í 350 ml þríhyrntri flösku á 1.790 kr. og í 500 ml pela en þess má geta að pelinn lækkaði í verði um þessi mánaðamót og kostar núna 2.590 kr.

Gott úrval er af Glenfiddich í vínbúðum, allt frá hinu sívinsæla 12 ára sem er í þremur stærðum og alveg upp í 21 árs gamalt viskí. Einnig er 15 ára Balvenie fáanlegt og loks má geta þess að í Fríhöfninni má má fleiri tegundir, t.d. hið stórbrotna Solera sem þroskað er í sérrítunnum.



Aðeins 395 kr. er komin með nýjan kærasta

AÐEINS  
395 kr.

KEMUR ÚT ALLA  
FIMMTUDAGA!



Hér  
& nú







**Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI**

**Coldplay:** X&Y, **Helgi Valur:** Demise of Faith, **Eels:** Blinking Lights and Other Revelations, **Oasis:** Don't Believe the Truth, **Lokbrá:** Army of Soundwaves, **Hot Damn!:** The Big'n Nasty Groove **O'Mutha** og **Delicia Mini:** Skuggi.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Geislinn í Vatninu

Hljómsveitin Hjálmar gaf á dögunum frá sér nýtt lag. Geislinn í vatninu heitir lagið og á vafalaust eftir að sjarma ófáa aðdáendur hljómsveitarinnar upp úr skónum. Lagið er eftir Þorstein Einarsson og hægt er að heyra það á Rás 2.

„Við erum mjög ánægðir með þetta lag,“ segir Petter Winnberg bassaleikari. „Næsta plata er í vinnslu, við höfum ekki enn ákveðið hvenær hún kemur út en það er alveg víst að það er ekki of löng bið í hana.“

Hjálmar eru nýkomnir úr ferðalagi þar sem þeir heimsóttu meðal annars Rússland. „Það var rosa-lega gaman að koma þangað. Þetta er náttúrlega ansi ólíkt öðru sem við höfum kynnst því menningin er mjög sérstök. Smekkur fólks þar er líka mjög ólíkur smekk Íslendinga. En við fengum góðar viðtökur og okkur langar rosalega að fara þangað aftur, mér finnst þetta yndislegt land,“ segir Petter kátur. Hjálmar spila í Hveragerðiskirkju á morgun og á Nasa á laugardaginn.



**HJÁLMAR** Hljómsveitin gefur nú frá sér fyrsta lagið af væntanlegri plötu. Lagið heitir Geislinn í vatninu og er eftir Þorstein Einarsson.

**> Plata vikunnar ...**



**Jack Johnson: In Between Dreams**  
„Notaleg plata sem reynir að sannfæra hlustanda sinn um hversu yndislegt lífið er. Og á örugglega eftir að takast það í mörgum tilfellum.“ **BÖS**

**> Popptextinn ...**

„The corner where struggle & greed fight, we write songs about wrong cause it's hard to see right, look to the sky hoping it will bleed light, reality's and I heard that she bites.“  
-Common rappar um daginn og veginn í laginu The Corner á nýja disknum sínum, Be. Í laginu sýnir Common hve ótrúlega fær hann er í að semja fjöl- atkvæðarímur.



**[ SMS ]  
UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

**Oasis: Don't Believe the Truth**  
„Oasis reynir að komast nær rokkrótum sínum með Don't Believe the Truth, en búa ekki yfir miklum sannfæringarkrafti. Hvað kom fyrir risastóru melóðíum og barnslegu einlægðina?“ **BÖS**

**Lokbrá: Army of Soundwaves**  
„Þó að þessi fyrsta plata Lokbrár sé ágæt nær hún ekki alveg að standa undir væntingum, því að mörg laganna eru einfaldlega ekki nógu grípandi. Það fer samt ekki á milli mála að Lokbrá hefur hæfileikana og nær vonandi að slípa þá betur til fyrir næstu plötu.“ **FB**

**Nine Inch Nails: With Teeth**  
„Trent Reznor snýr aftur með þriðja meistarastykki sitt í farteskínu. Skotheld plata sem ætti að festa hann í sessi sem einn merkasta tónlistarmann okkar tíma.“ **BÖS**

**Hildur Vala: Hildur Vala**  
„Það á greinilega vel við Hildi Völu að syngja róleg lög þar sem gullfalleg rödd hennar nýtur sín svo vel. Þó að lögin á plötunni séu ekki öll jafngöð hifir Hildur Vala þau flest upp til skjanna með söng sínum.“ **FB**

**Death From Above 1979: You're a Woman, I'm a Machine**  
„Það var frábær rokkduóett frá Kanada sem bjó til þessa bráðskemmtilegu plötu, aðeins með trommum, bassa, smá hjóðgervlum og söng. Virkilega orkumikil og spennandi frumraun.“ **BÖS**

# Ósögð orð og ekkert meir

**Rúnar Þórisson vinnur nú hörðum höndum að fyrstu sólóplötu sinni. Hugmyndin að plötunni kviknaði í Abbey Road. Rúnar fær fjölbreyttan kokkteil listamanna til liðs við sig.**

Grafíkurmaðurinn Rúnar Þórisson stefnir á að gefa út sína fyrstu sólóplötu í haust. Hugmyndin að plötunni, sem hefur fengið vinnuheitid **Ósögð orð og ekkert meir**, kviknaði þegar Rúnar var að vinna að síðustu sólóplötu Rafns Jónssonar heitins.

„Ég vann mikið með Rafni og fór með honum fyrir þremur árum til London í Abbey Road, Bítlastúdíóið fræga, til að taka upp síðustu plötuna hans, sem kom út um jólin í fyrra. Og það kveikti í mér – hvers vegna ætti ég ekki að gera sólóplötu líka?“

Rúnar byrjaði strax að grúska og hefur því unnið að plötunni í rúm tvö ár en platan er tekin upp á nokkrum stöðum. „Ég er að klára að taka upp söng þessa dagana,“ segir Rúnar, en hann hefur fengið Karl Henry úr hljómsveitinni Without Gravity, áður Tenderfoot, til að vera aðalsöngvari á plötunni. Biggi í

Maus mun einnig syngja eitt eða tvö lög sem og dóttir Rúnars, Lára. „Svo er Ragnar Sólberg úr hljómsveitinni Sign í röddum,“ segir gítarleikarinn.

Rúnar segir að það sé krefjandi verkefni að pródúsera eigin lög. „Ég sem alla tónlist og texta,“ segir hann. „Reyndar á Lára, dóttir mín, með mér eitt lag og við Kalli söngvari eitt lag saman.“

Fjölbreyttur kokkteill tónlistarmanna mun spila með Rúnari á plötunni. Á trommur verða Egill Rafnsson, sonur Rafns heitins, og Sigtryggur Baldursson og á bassa er Haraldur Þorsteinnsson, sem spilaði stundum með Grafík. Jón Ólafsson spilar að öllum líkindum á hljómborð, ásamt Rúnari, og sellóleikarinn Helga Ágústsdóttir verður Rúnari einnig til halds og trausts.

Síðasta Grafíkurplatan kom út 1987 en Rúnar hefur ekki setið aðuðum höndum síðan. „Ég hætti í bransanum '89 og sneri mér alveg að klassískum gítarleik,“ segir hann en hann er annar helmingur dúettsins Duo de Mano, sem gaf fyrir þremur árum út plötu með suðuramerískri tónlist. Rúnar hefur einnig spilað á plötum annarra, og vann meðal annars að tveimur plötum með Rafni Jónssyni.

rosag@frettabladid.is



**RÚNAR ÞÓRISSON** Fyrirverandi gítarleikari Grafíkur vinnur nú hörðum höndum að fyrstu sólóplötu sinni og útilokar ekki frekara samstarf hjá Grafík. „Það verður kannski eitthvað í gangi,“ segir Rúnar en hljómsveitin hefur komið saman nokkrum sinnum undanfarin ár, tryggum aðdáendum sínum til mikillar ánægju.



## Glerfínar gluggafilmur – aukin vellíðan á vinnustað

**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér  
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



**BEATMAKIN TROOPA** Tónlistarmaðurinn Pan Thorarensen hefur nú gefið út sinn fyrsta disk, Peaceful Thinking. Pan lýsir tónlistinni sinni sjálfur sem „chilluðu hiphopi“.

## Friðsæl hugsun

Ný plata með tónlistarmanninum Beatmakín Troopa, eða Pan Thorarensen eins og hann heitir réttu nafni, er komin í búðir. Um er að ræða „chillaða“ hiphop-plötu að hans sögn og hans fyrsta einstaklingsverkefni en Pan er meðlimur í tónlistar- og graffitigrúppunni Twisted Minds Crew. „Ég er búinn að vera að vinna að þessari plötu í um þrjú ár og hún er loksins komin út. Þetta eru allt instrumental hiphop-lög og ég er rosalega ánægður með útkomuna og sáttur við mitt,“ segir hann en platan, sem ber titilinn Peaceful Thinking, fæst í 12 Tónum, Smekkleysu, Ígulkeri og Brimi. Lög af plötunni munu væntanlega heyrast á Rás 2 á næstunni og útgáfutónleikar eru í auglýsingu á www.hiphop.is og hlustað þar á lagið Forms of Life. Platan fæst bæði í formi geisladisks fyrir 1.500 krónur sem og vinyllplötu á þúsundkall og var það Ólafur Orri Guðmundsson sem hannaði umslagðið. ■

an, sem ber titilinn Peaceful Thinking, fæst í 12 Tónum, Smekkleysu, Ígulkeri og Brimi. Lög af plötunni munu væntanlega heyrast á Rás 2 á næstunni og útgáfutónleikar eru í auglýsingu á www.hiphop.is og hlustað þar á lagið Forms of Life. Platan fæst bæði í formi geisladisks fyrir 1.500 krónur sem og vinyllplötu á þúsundkall og var það Ólafur Orri Guðmundsson sem hannaði umslagðið. ■

**[ TOPP 20 LISTI X-FM ]**  
X-DÓMÍNÓS LISTINN

- 1 FEEL GOOD INC.**  
Gorillaz
- 2 CITY OF BLINDING LIGHTS**  
U2
- 3 GIRL**  
Beck
- 4 NASTY BOY**  
Trabant
- 5 SLOW RETURN**  
Ensimí
- 6 IN MY HEAD**  
Queens of the Stone Age
- 7 IN THE MORNING**  
The Coral
- 8 THE SPELL**  
Leaves
- 9 STUCK IN THE MIDDLE...**  
Eagles of Death Metal
- 10 BEST OF YOU**  
Foo Fighters
- 11 SPEED OF SOUND**  
Coldplay
- 12 BLUE ORCHID**  
White Stripes
- 13 THE WORLD AT LARGE**  
Modest Mouse
- 14 L.S.F**  
Kasabian
- 15 INTO THE NIGHT**  
The Music
- 16 YOUR TIME HAS COME**  
Audioslave
- 17 L'VIA L'VIAQUEZ**  
Mars Volta
- 18 DECENT DAYS AND NIGHTS**  
The Futureheads
- 19 SUMMER TIME IN OUTER...**  
Lada Sport
- 20 THE TRUTH**  
Limp Bizkit

\* Listanum er raðað af umsónarmönnum stöðvarinnar



# Spilaði með Michael Jackson

Einn flottasti plötusnúðurinn í bransanum í dag, Dj Spinna, er á leið til Íslands frá Bandaríkjunum. Hann mun spila ásamt Hunk of a Man og Dj Lazer í brjáluðu partíi í Iðu húsinu, Lækjargötu, á laugardaginn. Ætlunin er að skapa skemmtilegt og öðruvísi sumar-djamm. Partíið byrjar klukkan tíu og stendur til klukkan þrjú. Þessa dagana er verið að dreifa boðsmíðum og því er um að gera fyrir fólk sem hefur áhuga að hafa augun opin.

Dj Spinna er frekar þekktur í tónlistarheiminum og hefur spilað með ekki ómerkara fólki en Eminem, De La Soul, Michael Jackson, George Michael, Mary J. Blige, Mos Def og fleirum. Hann

var svo vænn að afbóka sig eitt kvöld í London til þess að geta komið og spilað í partíinu á laugardaginn. Plötusnúðurinn spilar allt frá hiphopi og R&B yfir í soul, fönk, jazz og diskó. Stuðið verður eflaust gott í Iðuhúsinu í Lækjargötu um helgina en eins og fyrr sagði munu þeir Hunk of a Man, einnig þekktur sem Maggi Lego úr Gus Gus, og Dj Lazer aðstoða Spinna með finni raf-tónlist og fleiru. Fjórið hefst klukkan tíu og er um að gera fyrir fólk að verða sér úti um miða. ■

**MICHAEL JACKSON** Plötusnúðurinn sem er á leið til landsins hefur spilað með ekki ómerkari mönnum en Michael Jackson, Eminem og De La Soul. Hann mun spila fyrir gesti í sumarpartíi í Iðu, Lækjartorgi, á laugardaginn.



- Menntaskólinn Hraðbraut býður uppá metnaðarfullt nám og fyrsta flokks aðstöðu fyrir duglega nemendur í líflegu og skemmtilegu umhverfi.

Athugaðu málið á [hradbraut.is](http://hradbraut.is)

Menntaskólinn Hraðbraut.  
Faxafeni 10, húsi Framtíðarinnar.  
Sími: 517-5040

- “... tveimur árum á undan”



MENNTASKÓLINN  
HRAÐBRAUT

- Viltu ljúka stúdentsprófi á tveimur árum?
- Viltu fara í persónulegan skóla með frábæru félagslífi?
- Viltu eiga viku frí í skólanum sjöttu hverja viku?
- Viltu ljúka heimavinnunni í skólanum?



**Opiðhús**

Fimmtudaginn 2. júní  
kl.14 - 17.

## Fínir bílar

Gerðu góð kaup!



→ **4.890** þ.

BMW X5  
Nýskr. 07.2002 3000cc,  
5 dyra, sjsk., ekinn 53 þ.  
Innfluttur nýr af umboði.  
Hlaðinn aukabúnaði.




→ **6.900** þ.

Porsche Cayenne  
Nýskr. 02.2003 4500cc,  
5 dyra, sjsk., ekinn 42 þ.  
Innfluttur nýr af umboði.  
Hlaðinn aukabúnaði.



→ **3.290** þ.

BMW 330Xi - 4x4  
Nýskr. 03.2001 3000cc,  
4 dyra, sjsk., ekinn 64 þ.  
Innfluttur nýr af umboði.  
3 eigendur - Einn með öllu.



→ **3.690** þ.

LAND ROVER FREELANDER  
Nýskr. 07.2004, 2500 cc.  
5 dyra, sjsk., ekinn 15 þ.  
Nýtt útlit.



→ **2.830** þ.

AUDI A4  
Nýskr. 08.2003, 2000cc,  
4 dyra, sjsk., ekinn 30 þ.  
Tveir eigendur.



→ **2.290** þ.

Mercedes CLK  
Nýskr. 06.1997 2300cc,  
2 dyra, sjsk., ekinn 97 þ.



Grjóthálsi 1  
[bilaland.is](http://bilaland.is)

Opi mán-fös 10-18  
og lau 12-16

**575 1230**



# LANDSINS M

# ACER

## ACER 9104WLMi 2.0GHz CENTRINO DOTHAN 760


**SJÓNVARPSKORT**  
Með FM úvarpi og fjarstýringu sem geymist í PCMCIA rauf tölvunnar þegar hún er ekki í notkun



**15,4" CRYSTALBRITE**  
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu




**8xDVD +/- SKRIFARI**  
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska



**RADEON X600**  
Eitt nýjasta skjákerfið frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík



**TENGINGAR**  
Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 3xUSB2, infraréd Bluetooth, TV-út, kortalesara ofl.



**ÞYNGD OG RAFHLAÐA**  
Acer Aspire fartölvan er 2.9kg og með rafhlöðu sem endist í allt að 3 tíma



**Örgjörvi** 2.0GHz Pentium M Dothan760  
Intel Centrino er með 2MB cache  
512MB 333MHz DDR  
Stækkanlegt í 2 GB  
**Harðdiskur** 80GB Ultra ATA100  
4200 RPM hraður og hljóðlátur  
**DVD Skrifari** 8xDVD±RW Dual Layer skrifari  
Skrifar og les DVD og CD diska  
**Skjár** 15,4" WXGA WideScreen skjár  
Breiðstjaldsskjár með CrystalBrite  
**Skjákerfi** 128MB ATI Radeon X600  
Sjálftætt minni, TV-út og TV-inn  
**Hátalarar** Hljóðkerfi með 2 hátálurum  
Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi  
**Netkort** Gigabit 10/100/1000  
Einnig 56K módem innbyggt  
**Þráðlaust** 54Mbps þráðlaust netkort  
Innbyggt 54Mbps Wireless 802.11g  
**Stýrikerfi** Windows XP Home  
Á íslensku eða ensku  
**Kortalesari** 3 in 1 minnis-kortalesari  
Innbyggður kortalesari fyrir flest kort

**VL15**  
\*Samtals kr. 186.223  
**9.994**



**VERÐ 179.900**

**K7 TILBOÐ 1**



**ACE**

2200+ Amd Sempron örgjörvi • 256MB DDR333 minni • 80GB SE harðdiskur með 8MB buffer • 17" Hágæða skjár • 64MB S3 Unichrome skjákerfi • 16xDVD drif/52x skrifari  
Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi • Kworld Pro sjónvarpskort  
10/100 netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 49.900**

**ACER 4101WLMi**



**VL15**  
\*Samtals kr. 132642  
**8.993**

1.6GHz Intel Pentium M Dothan með 2MB cache örgjörvi  
512MB DDR2 533 minni • 80GB harðdiskur • DVD±RW skrifari  
15,4" WXGA skjár 1280x800dpi • 64MB ATI Mobility Radeon X700 skjákerfi m/ TV-Out • Innbyggt þráðlaust netkort  
54Mbps 802.11g • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 134.900**

VISA OG EURO KASSAÞENGSUR TIL ALLT AÐ 36 MÁNÁÐA • ÖLL VERÐ OG UPPLEIÐINGAR BIRT MEÐ FYRRIRÁMUM BREYTINGUM OG PERSENTILUR

**HP NX6110-1**

**FÁÐU A BETRA VERÐI**

1.4GHz Intel Celeron Centrino örgjörvi  
256MB minni • 40GB harðdiskur  
Combo drif • 15" XGA 1024x768 skjár  
Intel Extreme Graphics II skjákerfi  
Windows XP Pro á íslensku eða ensku

**VERÐ 89.900**

**HP NX6110-2**

**FÁÐU A BETRA VERÐI**

1.6GHz Pentium M Dothan með 2MB cache • 512MB minni • 40GB harðdiskur  
DVD±RW skrifari • 15" XGA skjár  
Intel Extreme II skjákerfi  
Windows XP Pro á íslensku eða ensku

**VERÐ 119.900**

**HP NX8220**

**FÁÐU A BETRA VERÐI**

1.8 GHz Pentium M Dothan örgjörvi  
512 mb DDR2 minni • 60 GB harðdiskur  
DVD ± RW skrifari • 15.4" WSXGA skjár  
64MB RADEON X600 • þráðlaust netkort  
Windows xp Pro á íslensku eða ensku

**VERÐ 169.900**

**DELL D510**

**FÁÐU A BETRA VERÐI**

1.7GHz Pentium M Centrino • 512MB DDR2 minni • 60GB harðdiskur  
DVD+RW skrifari • 15" XGA skjár • Intel GMA 900 skjákerfi • Þráðlaust net  
Windows XP Pro á íslensku eða ensku

**VERÐ 139.900**

Tilboð meðan birgðir endist

**VL frá kr. 166**

Á tilboði með tölvu - Internet Security 2005

**VERÐ 2.990**

**HiveLite**

4GB download 8MB tenging

kr. 3.990\* á mánuði

\*M.v 12 mánaða samning á kreditkort eða með greiðsluseðli

**Sennheiser RS120**

þráðlaus heyrnatól

**VERÐ 6.990**

**Canon iP4000**

litaprentari  
Pentar beint á geisladiska

**VERÐ 17.900**

256MB, USB 2.0 minnislykill frá Sandisk Cruzer Micro

**VERÐ 2.990**

Kworld sjónvarpskort með vaxtalausri tölvu

**VERÐ 7.990**

256MB MP3 spilari frá MSI með heyrnatólum

**VERÐ 8.990**

**Scorpio40**

40GB utanáliggjandi hraðvirk USB2 2.5" hýsing

**VERÐ 11.900**

# TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR



# ESTA ÚRVAL

## 19" LCD

### GLÆSILEG HÖNNUN

Hann hefur útlitið með sér. Hönnunin á Hansol H970 er einstaklega glæsileg og stílhrein í alla staði

### FRÁBÆR SKERPA

700:1 í skerpu er með því meira sem gerist í dag og tryggir einstaka skerpu og litadýpt, 1280x1024@75Hz

### ÓTRÚLEGT VERÐ

Hágæða Hansol H970 19" LCD TFT skjár með Samsung WiseView TFT tækni á alveg hreint ótrúlegu verði



STILLANLEGUR Á ALLA KANTA

**VL12**  
Samfals-kr. 36.127  
**2.908**

**VERÐ 34.900**

### XS - DRIVE



#### EINFALT Í NOTKUN

Einstaklega einfalt og öruggt í notkun, bara að stínga kortinu í og ýta á "Copy" hnappinn



#### HLEDSLURAFHLAÐA

Xs Drive II er með innbyggðri Lithium-ion hleðslurafhlaða sem endist í allt að 1.6 kst.



#### UPPLÝSINGAR Á SKJÁ

Handhægur skjár sýnir hleðslu rafhlöðu, stöðu afritunar og ef pláss klárast á harða diskunum



#### HARDUR DISKUR

Xs Drive II er með innbyggðum hörðum disk sem hægt er að fá í stærðum frá 40GB til 80GB



#### LES FLEST MINNISKORT

Les flest allar gerðir minniskorta í dag, Compact Flash, Secure Digital, Memory Stick, SmartMedia o.fl.



#### FLOTT TASKA FYLGIR

Handhæg burðartaska ver driflið fyrir hnjóski og í henni er líka pláss fyrir auka minniskort



**40GB 16.900 | 60GB 19.900 | 80GB 22.900**

## XDRIVE II

### WD HARDIR DISKAR



#### SPECIAL EDITION

Special Edition harðiskur frá Western Digital sem er 7200RPM og með 8MB buffer



#### FLUID BEARING

Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingarbetri harðiskum



#### WESTERN DIGITAL

Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu harðiskanir í dag á enn betra verði en áður



**200GB 8.990 | 250GB 11.900**

### SAROTECH HÝSING



Sarotech AivX hýsing fyrir 3,5" harðdíska, tengist beint við sjónvarp án tölvu, spilar divx, xvid, mp3, avi, og fleiri gerðir myndbandskráa, fjarstýring og taska fylgir

**VERÐ 14.900**

### CANON iP3000



Einstök ljósmyndagæði og hraði Prentar á geisladíska • 4 hylkja prentkerfi • Fullnýtir A4 síðu 4800dpi upplausn • 22 bls á mín. í svörtu og 15 bls á mín. í lit

**VERÐ 12.900**

### SUPERTURN 3



#### 2500+

- 2500+ AMD Sempron HT
- MSI K7N2GM nForce2 móðurborð
- 512MB DDR400 Corsair minni
- 160GB 7200RPM WD - **8MB**
- 128MB GeForce4 skjákort
- Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi
- 10/100 netkort, USB2
- Medium 300W turn

**VERÐ 37.900**

### SAROTECH HÝSING



Sarotech AivX hýsing fyrir 2,5" harðdíska, tengist beint við sjónvarp án tölvu, spilar divx, xvid, mp3, avi, og fleiri gerðir myndbandskráa, fjarstýring og taska fylgir

**VERÐ 12.900**



Logitech MX518 Gaming-grade Optical Mús  
**VERÐ 5.990**



Logitech Webcam Messenger vefmyndavél  
**VERÐ 4.990**



16x DVD MSI skrifari með Nero hugbúnaði  
**VERÐ 6.990**



Hágæða minniskort frá Sandisk fyrir allar Digital myndavélar á frábæru verði



17" Xerox XL-775 LCD skjár með glerhlíf, 16ms  
**VERÐ 29.900**



Logitech stereo heyrnartól með hljóðstilli  
**VERÐ 1.490**



Áprentanlegir Traxdata DVD+R diskur, 10stk  
**VERÐ 1.990**



512MB DDR400 MHz minni, lífstíðarábyrgð  
**VERÐ 4.990**



Vaxtalaus tilboð eru miðuð við 12 eða 15 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða MasterCard skuldabréf 3,5% stimpil og lántökugjald bætt við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

**TÖLVULISTINN**  
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

**REYKJAVÍK**  
Noátúni 17  
Sími 562 6730

**AKUREYRI**  
Glerárgötu 36  
Sími 464 7400


**KEFLAVÍK**  
Hafnargötu 90  
Sími 534 7400



# Viðskiptavinir athugið!

Við höfum lokað á laugardögum í sumar frá 1. júní

Opið virka daga frá kl. 08:00-18:00



Smiðjuvegi 11 • 200 Kópavogur  
Sími: 564 1088 • Fax: 564 1089 • tengi.is

## Tími ljóskunnar liðinn



**RANIA DROTTNING JÓRDANÍU** Þessi fallega Íslandsvinkona lenti í þriðja sæti listans yfir hundað fallegustu konur heims sem tímaritið Harper & Queen gerði.

Tímaritið Harper & Queen hefur valið hundrað fallegustu konur heims. Í fyrsta sæti lenti „Íslandsvinurinn“ og leikkonan Angelina Jolie, annað sætið vermir fyrir-sætun Christy Turlington, í þriðja sætið fékk annar „Íslandsvinur“, Rania drottning Jórdaníu. Sú sem lenti í fjórða sæti er kannski konan sem kemur mest á óvart en það er leikstjórinn Sofia Coppola. Fast á hæla hennar kemur þokkafull kokkurinn Nigella Lawson.

Það sem vekur helst athygli við þennan lista er að á topp fimm listanum er engin ljóska. Það hefur hingað til verið ákveðin lenska að ljóshærðar og brjóstgóðar konur hafi toppað slíka lista en nú er öldin önnur. Fyrsta ljóskan á listanum er Uma Thurman en hún vermir sjötta sætið.

Samkvæmt ritstjóra blaðsins, Lucy Yeomans, komu niðurstöðurnar ekki alveg á óvart. „Fegurð virðist vera metin á allt annan hátt en áður. Nú finnst fólki konur sem hafa einhver sérkenni fallegar.“ ■



**SOFIA COPPOLA** Leikstjóri myndarinnar Lost in Translation lenti óvænt í fimmta sæti og skaut meðal annars Umu Thurman og Kate Moss ref fyrir rass.



**ANGELINA JOLIE** Ber höfuð og herðar yfir aðrar frægar konur þegar kemur að fegurð.

## Sumarsprengja

Allt að **30%** afsláttur

Landsins mesta úrval af Amerískum ísskápum með eða án klakavél. Hvítir, svartir eða stál



Verð frá aðeins kr. **Stgr.** **\*Tvöfaldir kæli- og frystiskápar 129.900.-**

\*Tvöldur LG-kæli- og frystiskápar, hvítur

**DVD spilarir með karaoki Sprengjuverð kr. 6.490.-**

**ELFUNK 21" Sjónvarp og DVD spilarir Sprengjuverð kr. 22.900.-**

**ELFUNK 14" Sjónvörp Sprengjuverð kr. 9.900.-**

**ELFUNK 20" Sjónvörp Sprengjuverð kr. 13.900.-**

**Fagor pottar og pottasett Allt að 80% afsl.**

**2 tæki saman**

**Nardi ofn FEA971X**  
Fjólkerfa ofn með pizzastillingu og heitum blæstri  
**Edesa helluborð 3VET 132X**  
Keramik borð með snertitökum og stálramma

Aðeins Stgr. kr. **79.900.-**

**WhiteKnight þéttipurrkari CL 767LDO**  
6kg barkalaus þéttipurrkari, með 2 hitastigum, veltir í báðar áttir. Kællir niður þvottinn áður en hann slekkur á sér. Hægt að leiða vatn í niðurfall.

Aðeins Stgr. kr. **39.900.-**

**WhiteKnight þurrkari CL 447**

Frábær 5 kg. þurrkari með barka, tímastiltur og með krumpuvörn  
Hæð: 85 cm - Breidd: 60 cm Dýpt: 60 cm

Að sjálfsögðu fylgir barki með

Aðeins Stgr. kr. **18.700.-**



**TOM OG KATIE** Tom mætti í viðtal í spjallþætti Oprah Winfrey og kom óvænt með Katie með sér. Hann var svo uppeðraður yfir stúlkunni að hann hoppaði á húsgögnunum og féll svo á hnén sex sinnum til að lýsa því yfir að hann væri „yfir sig ástfanginn“.

## Var Jessica Alba hans fyrsta val?

